



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð

Félagsfræði

Dagblaðalestur íslenskra ungmenna

Sylvía Rut Sigfúsdóttir

Janúar 2010



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð

Félagsfræði

Dagblaðalestur íslenskra ungmenna

Sylvía Rut Sigfúsdóttir

Janúar 2010

Leiðbeinandi: Þorbjörn Broddason

Nemandi: Sýlvía Rut Sigfúsdóttir

Kennitala: 130187-2699

Útdráttur

Í þessu rannsóknarverkefni er dagblaðalestur ungmenna tekinn til skoðunar. Gögnin sem stuðst er við koma úr langtímarannsókninni *Börn og sjónvarp á Íslandi*. Notuð eru gögn úr könnuninni frá árinu 2009 og einnig var örlítið borið saman við niðurstöður frá árunum 1997 og 2003. Skoðað var *DV*, *Fréttablaðið* og *Morgunblaðið*. Dagblaðalestur hafði minnkað milli ára 1997 og 2003. Helstu niðurstöður frá 2009 benda til þess að dagblaðalestur barna á aldrinum 10 til 15 ára hafi hnignað enn meira. Strákar virðast lesa dagblöðin meira en stúlkurnar en munurinn er samt ekki mikill. *Fréttablaðið* er mest lesið meðal ungmennanna, þar á eftir kemur *Morgunblaðið* og svo er lestur *DV* langminnstur. Augljóst er hversu stórt hlutverk veraldarvefurinn spilar í fjölmiðlanotkun ungmennana. Börnin virðast samt ennþá nota dagblöðin nokkuð til þess að leita upplýsinga.

Efnisyfirlit

FORMÁLI	6
INNGANGUR	7
UPPFINNING RITLISTARINNAR OG TILKOMA DAGBLAÐA	10
ÍSLENSK DAGBLÖÐ OG SAGA ÞEIRRA	12
DAGBLÖÐIN SEM SPURT VAR UM Í BÖRN OG SJÓNVARP Á ÍSLANDI.....	14
<i>DV</i>	14
<i>Morgunblaðið</i>	15
<i>Fréttablaðið</i>	16
ÁHRIF FRÍBLAÐANNA.....	16
FJÖLMÍÐLAUMHVERFI ÍSLENSKRA DAGBLAÐA Í DAG	17
BÖRN OG FJÖLMÍÐLAR	19
LESTUR BARNNA	19
UPPELDISHLUTVERK FJÖLMÍÐLA	20
ÁHRIF FJÖLMÍÐLA.....	21
DAGBLAÐALESTUR OG NÝIR MÍÐLAR.....	22
AÐFERÐIR OG GÖGN	24
RANNSÓKNIN BÖRN OG SJÓNVARP Á ÍSLANDI.....	24
RANNSÓKNARFERLIÐ 2009	25
SPURNINGARNAR.....	26
GAGNAVINNSLA	30
BAKGRUNNSBREYTUR	30
NÍÐURSTÖÐUR	33
DAGBLAÐALESTUR.....	33
<i>Lestur íslensku dagblaðanna</i>	33
<i>DV</i>	33
<i>Fréttablaðið</i>	34
<i>Morgunblaðið</i>	34
<i>Daglegur dagblaðalestur ungmenna</i>	35
<i>DV</i>	36
<i>Fréttablaðið</i>	36
<i>Morgunblaðið</i>	36
Öll blöðin	37
AÐRAR SPURNINGAR TENGÐAR DAGBLÖÐUM	38
<i>Hvaðan hefur þú heyrt um þetta starf?</i>	39
<i>Ef eitthvað er að gerast einhvers staðar</i>	41
<i>Fréttir</i>	44
LESTUR TÍMARITA.....	48
SAMANBURÐUR MILLI ÁRANA 1997, 2003 OG 2009	50
SAMANTEKT OG UMRÆÐA	55
HEIMILDASKRÁ	57

Töflur

TAFLA 1.1 HEIMTUR.....	30
TAFLA 1.2 ERT ÞÚ STRÁKUR EÐA STELPA?	31
TAFLA 1.3 Í HVAÐA BEKK ERT ÞÚ?	32
TAFLA 2.1 LESTU DAGBLÖÐ?	35
TAFLA 2.2 LES BLAÐIÐ FLESTA EÐA ALLA DAGA.....	37
TAFLA 2.3 LES EITT EÐA FLEIRI DAGBLÖÐ FLESTA EÐA ALLA DAGA, EFTIR KYNI	38
TAFLA 2.4 LES EITT EÐA FLEIRI DAGBLÖÐ FLESTA EÐA ALLA DAGA, EFTIR ALDRI	38
TAFLA 2.5 LES EITT EÐA FLEIRI DAGBLÖÐ FLESTA EÐA ALLA DAGA, EFTIR STAÐ	38
TAFLA 3.1 HVAÐAN HEFUR ÞÚ HEYRT UM ÞETTA STARF?	39
TAFLA 4.1 EF EITTHVAÐ VÆRI AÐ GERAST EINHVERS STAÐAR	42
TAFLA 5.1 LESTUR TÍMARITA, EFTIR KYNI.....	49
TAFLA 6.1 SAMANBURÐUR Á LESTRI DAGBLAÐA.....	51
TAFLA 6.2 SAMANBURÐUR Á DAGLEGUM DAGBLAÐALESTRI	52
TAFLA 6.3 SAMANBURÐUR Á ÞVÍ AÐ NOTA DAGBLÖÐIN TIL AÐ FINNA UPPLÝSINGAR.....	53
TAFLA 6.4 SAMANBURÐUR Á UPPLÝSINGUM UM STÖRF ÚR DAGBLÖÐUM	54
TAFLA 6.5 SAMANBURÐUR Á LESTRI TÍMARITA	54

Formáli

Þessi ritgerð var skrifuð í kjölfar námskeiðsins Verkefni í íslenskum fjölmiðlum vorið 2009. Í námskeiðinu var unnið með Þorbirni Broddasyni prófessor og samstarfsfólki hans að rannsókninni *Börn og sjónvarp á Íslandi*. Var ferðast í nokkra grunnskóla á landinu og spurningalisti lagður fyrir 10 til 15 ára nemendur. Gögnin sem notuð voru í þessari ritgerð voru unnin út frá niðurstöðum þeirrar könnunar. Áhugi minn á fjölmiðlum er mikill og þá sérstaklega þegar kemur að fjölmiðlanotkun barna. Var því fullkomið tækifæri fyrir mig að skoða dagblaðalestur ungmenna út frá rannsókninni *Börn og sjónvarp á Íslandi*. Ég hafði fylgst með og tekið þátt í könnunarferlinu frá upphafi og var því þessi ritgerð gott framhald af því. Grunnurinn í þessari ritgerð kemur út frá spurningu í könnunarlistanum varðandi hvort ungmennin læsu einhver dagblöð. Var spurt út í *DV*, *Fréttablaðið* og *Morgunblaðið* og áttu svarendur að meta lestur sinn á þessum dagblöðum. Þessi blöð voru einnig einu dagblöðin á Íslandi þegar síðasta könnun var lögð fyrir árið 2003. Var því hægt að gera samanburð á milli niðurstaðnanna frá árinu 2003 og svo frá árinu 2009. Aðrar spurningar tengdar dagblöðum voru einnig skoðaðar en þar var ekki gerður samanburður milli ára heldur aðeins skoðaðar nýjustu niðurstöður.

Inngangur

Fjölmiðill er stofnun eða fyrirtæki sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar. Hægt er að dreifa þeim upplýsingum á ýmsa vegu, til að mynda í dagblaði eða tímariti, í útvarpi, í sjónvarpi eða á internetinu. Fólk eyðir stórum hluta ævi sinnar í fjölmiðlanotkun, bæði beina og óbeina. Sumir telja fjölmiðlana vera tímasóun meðan öðrum finnst fjölmiðlarnir mikilvægir fyrir lýðræðið. Það er nokkuð ljóst að skoðanir varðandi fjölmiðla og allt sem þeim fylgir eru mjög skiptar. Þó er vitað að fjölmiðlar hafa ýmisleg hlutverk í daglegu lífi hjá mörgu fólki. Fjölmiðlarnir eru mikilvæg upplýsingamiðlun og þurfa þeir því að sinna skyldum sínum og greina rétt frá því sem er að gerast. Fjölbreytni og fjölræði er einnig mikilvægt þar sem völd og áhrif fjölmiðlanna eru svo mikil. Fjölmiðlar þurfa að vera hlutlausir, sjálfstæðir, faglegir, sanngjarnir og setja efni í rétt samhengi fyrir fjölmiðlaneytendur (Elfa Ýr Gylfadóttir, 2005: 13, 16-17; Páll Sigurðsson, 1997: 17-21; Þorbjörn Broddason, 1987: 5, 8). Að vera hlutlaus er samkvæmt orðabók það að vera ekki hlutdrægur og hafa ekki hagsmuna að gæta (Íslensk orðabók, 2002: 608). Hlutleysi í fjölmiðlum er því virkilega mikilvægt. Oft er einnig talað um hlutlægni fjölmiðla en það getur ráðið trausti almennings til fréttamiðla. Hlutlægni snýst um hlutleysi og að taka ekki einhvern ákveðinn málstað, að hafa staðreyndir réttar, að forðast hleypidóma eða fordóma, gagnsæi varðandi heimildir, að gera skýran mun á staðreyndum og athugasemdum (McQuail, 2005: 563).

Sífelld birtast í kringum fólk myndir og skilaboð um félagsheiminn og er fjölmiðlagagnrýni því mikilvæg. Það er mikið af upplýsingum í blöðum og fréttum og aðeins nokkrir einstaklingar sem velja hvort þær komast til skila og hvernig. Mikilvægt er að hafa í huga að fjölmiðlarnir sem eru að móta skoðanir alla daga hafa ekki endilega alltaf hagsmuni almennings að leiðarljósi heldur eigin fjárhagslegan gróða. Stór hluti af þeim upplýsingum og þeirri þekkingu sem fólk fær um félagsheiminn og samfélagið kemur úr fjölmiðlum. Því er nauðsynlegt að þekkja fjölmiðlana og skilja þá. Fjölmiðlarnir eru góð leið fyrir félagslegar breytingar og eru þeir sífelld að móta samfélög og hvernig almenningur upplifir þau. Fjölmiðlaefni gefur félagslega merkingu og fjölmiðlarnir móta veruleika almennings með því að gefa fólki þennan skilning á umhverfi sínu. (Curran, 1998: 81; Devereux, 2007: 11-13, 15). Fólk getur varla ímyndað sé veruleika þar sem fjölmiðlar og samskiptatækni eru ekki til staðar í þeirra daglega lífi. Börn og

ungmenni eru sérhópur þegar kemur að fjölmiðlanotkun og eru oft fyrst að nota hina nýju miðla. Fjölskyldur með börn og ungmenni eru vinsæll markhópur fyrir tæknifyrirtæki og fjölmiðla. (Livingstone, 2002: 1, 3).

Nú á tímum er oft talað um fjölmiðlana sem fjórða arm ríkisvaldsins. Völd blaðamanna eru oft og tíðum mikil og geta þeir haft gríðarleg áhrif á skoðanir og ákvarðanir fólks. Á sama hátt taka fjölmiðlar oft mikinn þátt í ákvörðunum samfélaga í heild sinni (Guðjón Friðriksson, 2000: 11). Hnattvæðingin breytti því hvernig við lítum á alþjóðlega fjölmiðlun. Því er nauðsynlegt að hafa hnattvæðinguna í huga þegar skoðað er hvernig fjölmiðlar nútímans virka og áhrif þeirra á félagslegar breytingar í samfélögum. Ný hugsun og nýjar hugmyndir einkenna þessa nýju tíma. Kenningar beina ljósi að því að hnattvæðingin setji mikla áherslu á fjölmiðla og samskipti í félagslegum raunveruleika nútímans. Fjölmiðlar eru í dag samþykktur hluti af þessum félagslega raunveruleika (Sparks, 2007: 126, 132-133). Þjóðfélagslegt vald fjölmiðla eins og dagblaða, ásamt aðkomu þeirra að málefnum almennings, er félagsfræðilegt og þekkt fyrirbæri víðsvegar í heiminum. Forseti Íslands sagði eitt sinn í yfirlýsingu að fjölmiðlarnir væru fjórða valdið á Íslandi vegna mikilvægis þeirra þegar kemur að lýðræði Íslands. Hin þrjú væru þá hin venjulega þrískipting valdsins, það er að segja löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald (Þorbjörn Broddason, 2005b: 42-43).

Dagblöð urðu þó ekki að stórum fjölmiðli fyrr en á 20. öld (McQuail, 2005: 29). Blöðin eru hluti af fjölmiðlaumhverfinu og hafa margir áhyggjur af þeirri stöðu sem prentmiðlar eru í þessa dagana. Fjölmiðlaumhverfið hér á landi er breytt og hefur eignarhald fjölmiðla verið mikið rætt. Stafræna tæknin er ein af þeim ástæðum fyrir þeim hröðu breytingum sem eru að eiga sér stað á fjölmiðlamörkuðum (Nefnd menntamálaráðherra, 2005:9). Tilkoma nýrra miðla hefur áhrif á dagblaðalestur og sama má segja um minnkandi lestur barna og ungmenna almennt. Þannig kviknaði hugmyndin á bakvið þessa ritgerð, að skoða dagblaðalestur ungmenna og sjá hvort breytingar hafi orðið á síðustu árum.

Markmiðið með þessu rannsóknarverkefni er að skoða dagblaðalestur íslenskra ungmenna á aldrinum 10-15 ára. Tilgátur eru nokkrar. Sú fyrsta er að dagblaðalestri hafi hnignað frá því könnunin var síðast lögð fyrir árið 2003. Önnur er að dagblaðalestur pilta sé meiri en dagblaðalestur stúlkna þrátt fyrir að rannsóknir

hafi sýnt að bókalestur stúlkna sé meiri. Þriðja er að einhver hluti ungmenna fylgist ekkert með fréttum. Fjórða er að Fréttablaðið sé mest lesna dagblaðið nú á dögum og að lestri Morgunblaðsins hafi hnignað enn meira síðan í síðustu könnun.

Í fyrsta kafla er farið yfir tilkomu ritlistarinnar og þróunina fram að tilkomu dagblaða. Í öðrum kafla er farið yfir sögu íslenskra dagblaða og áhersla lögð á *Morgunblaðið*, *DV* og *Fréttablaðið*. Fjallað er um blaðaútgáfu og þær breytingar sem hafa orðið á henni í gegnum tíðina. Í þriðja kafla er fjallað um unga fólkið og lestur þeirra, sérstaklega á dagblöðum. Í fjórða kafla er fjallað um rannsóknina *Börn og sjónvarp á Íslandi* en rannsóknirnar eru nú orðnar sjö talsins. Ný tækni felur í sér að margt hefur breyst og er spurningalistinn uppfærður hverju sinni. Nokkrar spurningar hafa haldist svipaðar frá upphafi og því hægt að bera saman niðurstöður milli ára með þá þætti. Dagblaðalestur er einn þeirra. Svo er sagt frá spurningunum sem notaðar voru í þessu rannsóknarverkefni. Ekki var notast við alla svarmöguleika og er það útskýrt nánar. Í fimmta kafla er farið yfir úrvinnslu gagnanna og aðferðirnar sem notaðar voru. Þegar daglegur dagblaðalestur ungmenna er skoðaður er einnig gerður samanburður við niðurstöður tveggja eldri kannana. Þær voru lagðar fyrir ungmenni hér á landi undir nafninu *Börn og sjónvarp á Íslandi*. Í sjötta kafla er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum og í síðasta kaflanum er samantekt og stutt umræða.

Uppfinning ritlistarinnar og tilkoma dagblaða

Í mörg þúsund ár hefur mannfólkið notað myndrænan hátt til að tjá sig. Talið er að ritmálið sé hugsanlega níu þúsund ára gamalt. Súmerar í Mesapótamíu eru sagðir eiga elsta fullkomna ritmálið en það voru leirtöflur með fleygrúnum á. Hefur ritlistin verið nefnd ein af merkustu uppfinningum allra tíma. Fóru menn svo seinna að nota leður, bókkfell, pappír og annað sem auðveldara var að skrifa á. Kínverjar uppgötvuðu pappírinn og lausastafarentun hófst þar á 11. öld. Fyrir tíma prentunar voru fréttamiðlar í formi talmáls. Fréttamennirnir sögðu frá öllu því sem þurfti hverju sinni. Alveg fram á 17. öld voru menn gangandi um götur stórra borga að hrópa fréttirnar til íbúa. Báru þessi talandi fréttablöð á sér skilti og trommur til að vekja á fréttunum athygli. Á tímum Rómaveldis voru handskrifuð fréttablöð hengd upp og send út til að koma fréttum og tilkynningum til fólksins. Er þetta talið vera elstu dagblöðin sem vitað er um. Fjölmiðlabylting varð í Evrópu þegar prentunin varð til því margir fóru að nota prentun til að koma upplýsingum, skilaboðum, fréttum og öðru til fólks. Svo var farið að prenta blöð oftar og reglulegar þó sumstaðar hafi stjórnvöld bannað slíkt. Jóhannes Gutenberg frá Þýskalandi byrjaði með prentun í Evrópu en það var ekki fyrr en á 15. öld. Prentlistin kom árið 1530 til Íslands, nánar tiltekið á Hóla í Hjaltadal. Ekki er vitað hvaða bók var prentuð fyrst. Það er samt vitað að Biblía Guðbrands biskups Þorlákssonar var prentuð á Hólum árið 1584 en hún er mjög frægt íslenskt bókmenntaverk. Saga fjölmiðla nútímans hófst með prentuðu bókinni. Tæpum tvö hundruð árum eftir komu prentlistarinnar fóru svo dagblöðin að koma fram. (Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson, 1990: 10-14; McQuail, 2005: 25-27; Þorbjörn Broddason, 2005b: 11, 14-15, 19, 22-23).

Samband lesandans við fréttablöðin var mun sterkara en áður hafði sést. Fréttablöð innihéldu efni fyrir almenning sem var mjög almenns eðlis (Þorbjörn Broddason, 2005b: 27). Fyrstu dagblöðin skáru sig frá fréttasneplum vegna þess hversu reglulega þau komu út, hvernig þau voru prentuð, hversu fjölbreyttur tilgangur þeirra var og af því að þau höfðu auglýsingar og voru til sölu. Þessi fréttablöð voru full af upplýsingum og gagnlegu efni fyrir lesandann. Einnig voru þau hugsuð sem afþreying og skemmtun þar sem í þeim var slúður og annað. Dagblöðin voru nýtt form menningar og félagslegra samskipta. Voru þau að miklu leyti pólitísk í upphafi. Saga dagblaðanna inniheldur mikið af umræðum og þrætumálum og má sem dæmi nefna hlutleysi, eignarhald og frelsi fjölmiðla.

Dagblöðin hafa oft og tíðum blómstrað mikið en hafa einnig gengið í gegnum mikla erfiðleika og hindranir. Dagblöð fela í sér mikil völd og hafa þau því ítrekað valdið deilum um tjáningarfrelsi, ritfrelsi og prentfrelsi. Prentsmiðjur, útgefendur og blaðamenn hafa oft lent í miðju slíkra deilumála með neikvæðum og jafnvel ofbeldisfullum afleiðingum. Það var samt ekki fyrr en á 20. öld sem dagblöðin urðu að sönnum stórum fjölmiðli. Þá var dreifing dagblaða orðin meiri, útgáfan reglubundnari og lestur þeirra hafði aukist til muna. Ágreiningur um frelsi fjölmiðla hefur alltaf verið til staðar og er það enn. Nú á dögum nota menn lög og reglugerðir gegn fjölmiðlum í stað hótana og ofbeldis fyrri tíma. Þó hafa afskipti stjórnvalda og hagsmunahópa af fjölmiðlum alltaf valdið ágreiningi (McQuail, 2005: 27-29).

Tækniframfarir hafa breytt útgáfu dagblaða á marga vegu. Tölvuvæðingin og allt sem henni fylgdi spilar þar stórt hlutverk. Tilkoma ritsíma og fréttastofa telja einnig margir hafa aukið hlutlægni fréttáflutnings til muna. Hlutlægni í fréttáflutningi tengist fordómalausri umfjöllun, hlutleysi, heimildavinnu, staðreyndum, sannleika, nákvæmni og fleiru þess háttar. Hlutlægni skiptir máli þegar kemur að trausti fólks til fréttá- og blaðamanna. Fjölmiðlar reyna oftast að halda hlutleysi en það er samt staðreynd að það er ekki alltaf gert. Hlutlægnisumræður varðandi fjölmiðla koma því oft upp á borðið, sérstaklega í stórum og viðkvæmum málum sem fá mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Margir telja að hlutlægni og hlutleysi sé ekki möguleg í fjölmiðlun. Fagmennska í blaða- og fréttamennsku hefur tekið á sig margskonar form þar sem reynt er að setja upp góð viðmið til að fylgja varðandi siðferði í vinnubrögðum. Slíkum siðareglum er fylgt eftir af fjölmiðlafólki, bæði einstaklingum og hópum. Bláða- og fréttamennirnir sjálfir laga sig að þessum reglum eða viðmiðum og breyta eða bæta þegar við á. Að skipa einhvern til að fylgjast með slíku verndar fjölmiðlana að mörgu leyti gegn gagnrýni og fólk treystir betur þeim miðlum sem slíkum viðmiðum fylgja. Auðvitað er ekki hægt að alhæfa um alla miðla en þetta gefur almenningi og fagstéttinni sjálfri góða hugmynd um það hvernig blaðamennska gæti farið fram. Þessar mismunandi reglur sýna oft áhrif hagsmunaaðila og mismuninn í hefðum og siðum viðkomandi landa (McQuail, 2005: 173-174; Þorbjörn Broddason, 2005b: 31-33).

Íslensk dagblöð og saga þeirra

Ástæðan fyrir því að blaðaútgáfa átti að virka hér á landi var læsi Íslendinga en stærstur hluti landsmanna gat lesið (Guðjón Friðriksson, 2000: 10). Íslensk blaðaútgáfa hófst í lok 18. aldar. Fyrsta íslenska tímaritið kom út árið 1773 en það var ætlað sem kynning á Íslandi fyrir danska embættismenn. Tímaritið bar nafnið *Islanske Maanedstidender* og kom það út einu sinni í mánuði. Lifði þetta tímarit í þrjú ár. Í tímaritinu voru greinar og fréttir sem flokkaðar voru eftir því hvort þær voru góðar eða slæmar. Mörg blöð fylgdu á eftir og voru þau annaðhvort gefin út á Íslandi af embættismönnum eða í Danmörku af námsmönnum og öðrum búsettum þar. Nokkrum árum eftir útgáfu fyrsta tímaritsins fóru Íslendingar í Kaupmannahöfn að gefa út árlegt rit að nafni *Rit þess íslenska lærdómslistafélags*. Magnús Stephensen gerði einnig nokkrar tilraunir til þess að gefa út blöð. Nokkur tímarit komu fram á 19. öld og ber þar helst að nefna *Ármann á Alþingi*, *Fjölni* og *Ný félagsrit*. Blaðið *Þjóðólfur* lifði lengst allra blaða þá öldina en það kom fyrst út árið 1848 og var mjög umdeilt blað. Einar Benediktsson gerði fyrstu tilraunina til að gefa út dagblað hér á landi en það gekk ekki hjá honum. (Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson, 1990: 10-14; Þorbjörn Broddason, 2005b: 52-53).

Þjörn Jónsson gerði tilraun á árunum 1889 til 1893 til að gefa út blaðið *Ísafold* tvisvar í viku. Þurfti hann þó að fækka útgáfudögunum aftur því þetta gekk ekki upp hjá honum. Haustið 1895 keypti svo Einar Benediktsson stærsta húsið í Reykjavík sem kallað var Glasgow. Einar, sem var málafærslumaður og skáld á fertugsaldri, ætlaði sér að stofna öflugan prentsmiðju til að hefja útgáfu fyrsta íslenska dagblaðsins. Fáir höfðu trú á þessu verkefni hans þar sem Ísland var svo dreifbýlt. Einar fór svo til Englands til þess að kaupa prentsmiðju, áhöld og pappír. Blaðið hans fékk nafnið *Dagskrá* og fyrsta tölublaðið kom út 1. júlí 1896. *Dagskrá* átti að hafa fleiri útgáfudaga og vera ódýrara en *Ísafold* og *Þjóðólfur*. Einar reisti stakt prentsmiðjuhús fyrir aftan Glasgow og var fyrsta tölublaðið prentað í þessu nýja húsi gefið út þann 24. október 1896. Fyrsta árið var upplag blaðsins 1440 eintök. Útgáfan var ekki eins regluleg og ætlað hafði verið í upphafi en blaðinu var samt tekið vel af almenningi. Einar var fyrstur til að birta fréttaviðtal og byrjaði einnig með nýjung í blaðamennsku hér á landi þegar hann fór að birta litlar skáldsögur. Einar reyndi árið 1897 að gefa blaðið út alla virka daga. Það gekk ekki eins vel og hann hafði vonað og entist það sem dagblað í aðeins tæpa fjóra mánuði.

Eftir það fór það að koma sjaldnar út og hætti alveg um aldamótin nítjánhundrað. *Dagskrá* var samt sem áður fyrsta íslenska dagblaðið (Guðjón Friðriksson, 2000: 78-81).

Við lok 19. aldar og í upphafi þeirrar næstu jókst blaðaútgáfa á Íslandi mikið. Auglýsingatekjur fóru einnig að spila stórt hlutverk í blaðaútgáfunni. *Vísir*, *Morgunblaðið*, *Alþýðublaðið* og *Tíminn* voru fyrstu rótgrónu dagblöðin hér á landi. *Vísir* kom fyrst út árið 1910 og *Morgunblaðið* árið 1913 og náðu þau virkilega góðri fótfestu. *Tíminn*, sem fyrst kom út 1917, gekk á tímabili undir nafninu *NT* sem stóð fyrir Nú-Tíminn. Seinna bættist svo *Þjóðviljinn* við og svo *Dagur* á Akureyri. *Dagur* byrjaði sem vikublað en varð að dagblaði árið 1985. *Dagblaðið* var stofnað út frá blaðinu *Vísi* árið 1976. Nokkru seinna sameinuðust þessi tvö blöð svo í *Dagblaðið-Vísir*. Á þeim tíma var *Morgunblaðið* með sterkustu stöðuna á blaðamarkaðnum á Íslandi. Flokksblöð voru áberandi hér á landi í upphafi dagblaðaútgáfunnar og voru þau flest gefin út frá Reykjavík. Á þeim tíma voru allir stóru flokkarnir með sitt eigið dagblað til að koma málefnum sínum og skilaboðum á framfæri. Undir lok níunda áratugarins fóru böndin milli sumra blaðanna og flokkanna að veikjast og tíma flokksblaðanna var lokið. *Þjóðviljinn* lauk göngu sinni árið 1992 og það sama ár hóf *Vikublaðið* göngu sína. Árið 1994 varð *Viðskiptablaðið* til en það var í upphafi aðeins vikublað. *Alþýðublaðið* og *Vikublaðið* hættu að koma út árið 1997. Blöðin *Dagur* og *Tíminn* sameinuðust um tíma undir nafninu *Dagur/Tíminn*. Um aldamótin voru þrjú blöð hér á landi en það voru *Morgunblaðið*, *DV* og *Dagur*. Þess má geta að þá hafði *Morgunblaðið* ennþá mikla yfirburðastöðu á íslenskum dagblaðamarkaði. Þarna var lykilreglan í blaðamennsku, að skilja að fréttirnar og skoðanir sínar eða annarra. Árið 2001 hætti útgáfan á *Degi* sem dagblaði og það var sameinað *DV* eftir að eigendur *DV* keyptu blaðið. Árið 2001 hófst útgáfa á gjaldfrjálsa dagblaðinu *Fréttablaðið* sem átti eftir að hafa ýmsar breytingar í för með sér. Árið 2005 kom *Blaðið* til sögunnar sem seinna hlaut nafnið *24 stundir*. (Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson, 1990: 10-14); Birgir Guðmundsson, 2007: 276-277; Frjáls verslun, 2004: 22-23; Hilmar Thor Bjarnason og Þorbjörn Broddason, 1997: 62-64; Þorbjörn Broddason, 2005b: 53-54).

24 stundir hætti í útgáfu árið 2008. *Viðskiptablaðið* varð að vikublaði sama ár en það byrjaði sem dagblað árið 2007 eftir að hafa verið vikublað frá árinu 1994.

Fækkun dagblaða hefur styrkt örlítið þau blöð sem enn eru í útgáfu. Er það samt lítið þegar til lengri tíma er lítið og má ekki sjá neinar breytingar á síðufjölda stærsta blaðsins (Ragnar Karlsson, 2009: 79-80, 83).

Dagblöðin sem spurt var um í Börn og sjónvarp á Íslandi

Í rannsókninni *Börn og sjónvarp á Íslandi* árið 2009 var spurt um þrjú blöð. Það voru þau blöð sem voru í útgáfu þegar spurningalistinn var lagður fyrir íslensk ungmenni. Er því skrifað um blöðin *DV*, *Morgunblaðið* og *Fréttablaðið* í þessari ritgerð. *Morgunblaðið* sem var stofnað árið 1913 er enn í útgáfu. Þegar könnunin fór fram var *DV* dagblað en breyttist að vísu í þriggja daga blað í maí síðastliðnum. Fríblaðið *Fréttablaðið* kemur út alla virka daga og einu sinni um helgar.

DV

Vísir kom fyrst út miðvikudaginn 14. desember 1910. Fyrsta tölublaðið var fjórar blaðsíður. Einar Gunnarsson var ritstjóri blaðsins og vildi hann hafa *Vísi* sem óháð fréttablað. Þegar fréttist að blað að nafninu *Dagblaðið* ætti að koma út þá ákváðu þeir á *Vísi* að taka til sinna ráða. Gáfu þeir út lítið blað sem þeir skírðu *Dagblaðið* og stálu þannig nafninu. *Dagblaðið* varð til sem skipting innan *Vísis* ef svo má segja og Magnús Gíslason blaðamaður á *Vísi* varð ritstjóri þessa nýja blaðs. Þetta breytti plönunum hjá „andstæðingunum“ og breyttu þeir þá um áætlun og skírðu blaðið sitt *Morgunblaðið*. Þetta var fyrsta dagblaðið hér á landi sem kom út á morgnana. Samkeppnin varð samt mikil blaðanna á milli og náði hámarki árið 1913. Svo ári seinna seldi Einar *Vísi* og var það hugsanlega vegna veikinda eða hræðslu við samkeppnina á markaðnum. *Morgunblaðið* náði svo forystu í fyrri heimsstyrjöldinni vegna mikillar umræðu sinnar um stríðið. Svo árið 1915 var farið að róast milli blaðanna tveggja. Eigendaskipti og ritstjórnarbreytingar voru þó mjög reglulegar hjá *Vísi* (Guðjón Friðriksson, 2000: 112- 116).

DV eða *Dagblaðið-Vísir* varð til þegar blöðin *Vísir* og *Dagblaðið* voru sameinuð í eitt blað á ný árið 1981. Eftir langa baráttu fór *DV* á hausinn árið 2004. Á árum áður hafði frelsi blaðamanna verið mjög mikið og ritstjórar skiptu sér lítið af efni blaðsins. Þetta hafði þó breyst og voru yfirmanna- og eigendaskipti tíðari og starfsmannavelta var líka orðin enn meiri en áður. Sögusagnir bárust á milli um fjárhagsvandræði blaðsins. Brottrestur Jónasar Kristjánssonar telja margir hafa

verið fyrsta skrefið í átt að endalokum *DV*. Það dró samt úr æsifréttunum og nafnbirtingunum sem hafði einkennt blaðið. Árið 2002 flutti *DV* höfuðstöðvar sínar. Seinna kom í ljós að á þessum tíma hafi blaðið skuldað margar milljónir. Stuttu eftir flutningana hófst niðurskurður sem fól í sér að fjöldi fólks missti vinnuna hjá fyrirtækinu. Þetta var einu og hálfu ári áður en fyrirtækið fór á hausinn. Á þeim tíma sem var eftir var fólki sagt upp í hverjum mánuði. Pólitíkin á bakvið blaðið hafði einnig breyst í kjölfar eigendaskiptanna. Í þáverandi borgarstjórnarkosningum voru tekin viðtöl við frambjóðendur og reynt að gæta hlutleysis. Nýja ritstjórnarstefnan var þannig að bæði eða öll sjónarhorn ættu að koma fram þegar eitthvað tiltekið efni væri til umfjöllunar í blaðinu. Lokamánuðir *DV* voru furðulegir þar sem óreiða var mikil hjá fyrirtækinu í stjórn og starfsmannamálum. Margt var reynt til að bjarga blaðinu en það gekk ekki, blaðið fór í greiðslustöðvun. Eftir það tók *Fréttablaðið* yfir reksturinn á *DV* (Páll Ásgeir Ásgeirsson, 2004: 34-43, 45-46). Nú á þessu ári fækkaði útgáfudögum *DV* það mikið að blaðið er nú talið almennt vikublað en ekki dagblað (Ragnar Karlsson, 2009:79).

Morgunblaðið

Morgunblaðið var stofnað af manni að nafni Vilhjálmur Finsen. Blaðið var og er morgunblað sem fólk átti að geta lesið með morgunkaffinu. Eins og kom fram að ofan átti blaðið upprunalega að heita *Dagblaðið* og vera síðdegisblað en þökk sé *Vísi* þá gekk það ekki upp. Nafnið *Morgunblaðið* kom frá Ólafi Björnssyni og Guðbrandi Magnússyni prentara og hefur það haldist frá upphafi. Fyrsta tölublaðið kom út 2. nóvember 1913 og var í upphafi alltaf fjórar síður en átta síður á sunnudögum. Blaðið var að mestu leyti aðeins fyrir íbúa Reykjavíkur til að byrja með. Vilhjálmur vildi gera blaðið að stórblaði sem væri áreiðanlegt en líka skemmtilegt blað. Blaðið var gagnrýnið en áhersla var samt lögð á þægilegt lesefni. *Morgunblaðið* gaf fyrst allra blaða út jólablað og árið 1915 var það orðið 24 síður sem var mjög mikið á þeim tíma. Eftir tilkomu bílsins varð dreifing *Morgunblaðsins* örlítið meiri en það gerðist samt hægt. Á árs afmæli blaðsins voru áskrifendur tæplega tvö þúsund talsins. Árið 1919 var *Morgunblaðið* orðið að miklu auglýsingablaði og keyptu stórkaupmenn þá blaðið af Vilhjálmi. Hann sá seinna eftir þeirri ákvörðun og flutti hann fljótlega til útlanda. Eftir söluna var hann þó áfram fréttastjóri þrátt fyrir breytta hugsjón á bakvið blaðið. Nýju eigendurnir stækkuðu blaðið um helming. Svo árið 1925 fór *Lesbókin* að koma sem fylgirit með

blaðinu og við það fjölgaði áskrifendum og *Morgunblaðið* varð útbreiddasta dagblaðið á Íslandi. Mikil tengsl voru oft talin vera á milli *Morgunblaðsins* og Sjálfstæðisflokksins (Guðjón Friðriksson, 2000: 117-122, 145,147).

Fréttablaðið

Fréttablaðið var algjör nýjung á íslenskum blaðamarkaði vegna hugsunarinnar á bakvið útgáfu þess. Blaðið átti samt mjög erfitt í upphafi en svo fór útgáfan að ganga örlítið betur (Þorbjörn Broddason, 2005b: 55). Þegar *Fréttablaðið* kom á íslenskan blaðamarkað árið 2001 þá voru tvö stór blöð til staðar. Það voru *DV* og *Morgunblaðið* og skiptu þau markaðnum á milli sín. Þess má geta að þau voru bæði prentuð í sömu prentsmiðjunni. Eftir tilkomu *Fréttablaðsins* þá varð fólk umburðarlyndara varðandi auglýsingafjölda í dagblöðum (Birgir Guðmundsson, 2007: 276-277, 285). *Fréttablaðið* varð gjaldþrota árið 2002 rétt eins árs gamalt. Baugur, Jón Ásgeir Jóhannesson, Gunnar Smári Egilsson og fleiri endurreistu *Fréttablaðið* strax en almenningur fékk ekki að vita hverjir eigendurnir voru. Baugur auglýsti því mikið í blaðinu án þess að lesendur vissu sannleikann um eignarhald *Fréttablaðsins* (Frjáls verslun, 2004: 23).

Áhrif fríblaðanna

Íslenskur blaðamarkaður hefur breyst mikið frá útgáfu *Dagskrár*. Það sem vegur mest í þeim breytingum er tilkoma fríblaðanna á Íslandi. Miklar breytingar urðu á íslenska dagblaðamarkaðnum árið 2001 þegar *Fréttablaðið* kom fyrst út. Eins og áður var nefnt þá var blaðið að öllu gjaldfrjálst. Fjórum árum seinna eða árið 2005 kom *Blaðið* til sögunnar sem seinna fékk svo nafnið *24 stundir*. Þurftu lesendur ekki að greiða fyrir blöðin og þau bárust inn á nánast öll heimili. Það hefur verið sagt að fríblöðin svokölluðu séu með mun léttara eða mýkra lesefni. Svipað hlutfall innlendra fréttu í samanburði við erlendar er þó í bæði fríblöðum og áskriftarblöðum. Hugmyndin á bakvið fríblað er að dreifa því gjaldfrjálst til flestra og höfða svo til auglýsenda með tölum um lesendafjölda. Fríblöð eru mjög háð auglýsingum og er meira af auglýsingum í fríblöðum heldur en áskriftarblöðum. Áskriftarblöðin reyna að halda jafnvægi í hlutfallinu milli efnis og auglýsinga. Stærð blaðanna hverju sinni fer mjög mikið eftir því hversu margar auglýsingar eru í blaðinu. *Fréttablaðinu* var dreift í öll hús og dreifikerfið var sniðugt. Árið 2003 náði *Fréttablaðið* svipuðum tölum og *Morgunblaðið* varðandi lesendur og síðan þá

hefur *Fréttablaðið* verið vinsælasta og mest lesna blaðið hér á landi (Birgir Guðmundsson, 2007: 275-276, 278, 284).

Friblöðin voru ekki alíslensk hugmynd heldur var hún tekin upp frá öðrum löndum. Gjaldfrjáls fréttablöð geta auðveldlega stolið stórum hluta af auglýsingunum á dagblaðamarkaðnum. Hér á Íslandi breytti *Fréttablaðið* stöðu rótgrónu dagblaðanna. Til að byrja með töldu þeir á *Morgunblaðinu* að engin ástæða væri til að óttast þessa nýtilkomnu samkeppni. Fljólega kom þó í ljós að samdráttur hafði orðið í auglýsingatekjum þeirra auk þess sem útbreiðsla blaðsins hafði dregist mikið saman. (Eyþór Ívar Jónsson, 2006: 2). Áhrif fríblaðanna voru því þau að *Fréttablaðið* náði að ryðja frá sér dagblaðarisunum á Íslandi og ná stærstri hlutdeild lesenda. Þegar efnahagsaðstæður versna og samdráttur verður hjá fyrirtækjum gerir það auglýsingasölu mun erfiðari. Þess má geta að dagblaðið *24 stundir* er ekki enn í útgáfu í dag og nú þurfa sumir lesendur á landsbyggðinni að greiða fyrir áskrift að *Fréttablaðinu*. Fréttablaðið liggur þó frítt í verslunum og söluturnum í mörgum kaupstöðum á landinu.

Fjölmiðlaumhverfi íslenskra dagblaða í dag

Í apríl árið 2004 skilaði nefnd á vegum menntamálaráðherra skýrslu um eignarhald fjölmiðla á Íslandi. Í kjölfarið var lagt fram fjölmiðlafrumvarp um breytingar á lögum varðandi eignarhald fjölmiðla á Íslandi. Var þetta sett í lög en þeim var svo synjað af forseta Íslands (Nefnd menntamálaráðherra, 2005:7). Fjölmiðlafrumvarpið varð að miklu hitamáli í íslensku samfélagi. Fjölmiðlafrumvarpið gekk meðal annars út á að dagblöð og ljósvakamiðlar mættu og gætu ekki verið í eigu sama fyrirtækis (Frjáls verslun, 2004: 23). Í nóvember árið 2004 var því skipuð önnur nefnd á vegum menntamálaráðherra varðandi íslenska fjölmiðla. Þessi nefnd átti að skoða ýmsa hluti og átti hún svo að gera grein fyrir nokkrum atriðum eins og þróuninni á fjölmiðlaumhverfinu, samþjöppun eignarhalds fjölmiðla og íslenskri löggjöf um fjölmiðla sem dæmi. Í nefndinni sátu átta einstaklingar og þar á meðal var lektor við lagadeild Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmaður og fimm fulltrúar íslensku stjórnmalaflokkanna fimm sem þá áttu fulltrúa á Alþingi. Einnig vann fjölmiðla- og fjarskiptafræðingur fyrir nefndina og einnig var leitað ráðgjafar hjá öðrum sérfræðingum (Nefnd menntamálaráðherra, 2005).

Breytingar á blaðamarkaði hér á landi á síðustu misserum hefur einkennst af fækkun blaða og minnkandi blaðasölu. Einnig hefur samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla sett sitt strik í reikninginn. Blöðin sem nú eru í útgáfu eru þrjú talsins og er það helmingi minna en á níunda áratugnum þegar sex blöð voru í útgáfu í langan tíma (Ragnar Karlsson, 2005:28-29). Nýir miðlar og meira framboð á innlendu og erlendu efni hefur haft áhrif á fjölmiðlamarkaðinn hér á landi. Íslenskur fjölmiðlamarkaður er sérstakur vegna smæðar sinnar. Fjármálakreppan sem byrjaði haustið 2008 hefur gert fyrirtækjum erfitt fyrir og eru fjölmiðlarnir engin undantekning. Á það bæði við um áskriftarblöð og fríblöð. Blöðin keppa sín á milli um lesendur og auglýsendur og að vissu leyti við sérefnisblöðin líka. Árvakur hf. og 365 miðlar ehf. skipta nánast öllum dagblaðamarkaðnum á milli sín en Árvakur hf. gefur út *Morgunblaðið* og 365 miðlar ehf. gefa út *Fréttablaðið* ásamt ýmsu öðru. Birtingur útgáfufélag ehf. gefur út *DV* og er hlutur þeirra mun minni en hinna tveggja. Hér á landi hefur sala dagblaða minnkað og er það að hluta til vegna tilkomu fríblaðanna og mikillar útbreiðslu þeirra (Ragnar Karlsson, 2009:46-47, 78, 87).

Börn og fjölmiðlar

Lestur barna hefur farið minnkandi síðustu ár og á það meðal annars við um dagblaðalestur þeirra. Börn eru neytendur fjölmiðla og eru áhrif nýrra miðla á ungu kynslóðina mörgum áhyggjuefni. Hér verður greint frá lestri barna og tengslum þeirra við fjölmiðla.

Lestur barna

Að verða læs er hluti af mannréttindum. Þjóðfélög gera líka þá kröfu til þegna sinna að þeir læri að lesa. Til að lesa þurfa börn að hafa minni og skilning á þeim bókstöfum, táknum og tölustöfum sem koma fyrir í texta. Orðaforði eykst mjög mikið á fyrstu fimm árunum í lífi manneskju. Lestur barna byrjar sem leikur en verður að fullorðinslestri þegar þau fara að spyrja út í myndirnar í bókinni eða merkingu orðanna sem þar eru skrifuð. Börn verða betri í lestri ef lestur þeirra í skólanum og heima er með svipuðum hætti. Lesturinn er mjög mikilvægur í tæknivæddum nútímasamfélögum. (Desmond, 2001: 29-31; Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1993: 3)

Lestur barna og ungmenna hefur verið mörgum áhyggjuefni og nýju miðlarnir eru oft sagðir ábyrgir fyrir hnignun í lestri þeirra. Lestur væri ekki til í sinni núverandi mynd ef prentun hefði ekki komið til sögunnar. Lestur er stór hluti af lýðræði því í læsi felst líka skilningur á raunveruleikanum (Þorbjörn Broddason, 1996: 112-114). Íslenskt samfélag er lýðræðissamfélag og er læsi Íslendinga virkilega gott. Margir hafa sagt að sjónvarpið dragi úr lestri barna og að tilkoma sjónvarps breytti lestrarvenjum íslenskra barna og ungmenna. Mikið hefur dregið úr bókalestri þeirra í frístundum og dagblaðalestri sömuleiðis. Lestur unga fólksins hefur stöðugt verið að minnka og má rekja hluta þess til sjónvarpsáhorfs (Þorbjörn Broddason, 1999: 175-189; Þorbjörn Broddason, 2005a: 52). Alþjóðlegar niðurstöður hafa bent til þess að börn sem horfa meira á sjónvarp lesi minna en börnin sem horfa lítið á sjónvarp. Bókæign heimila tengist einnig læsi barna. Lestrarárangur barna þar sem margar bækur eru til er hærri en hjá öðrum. Þau börn sem lesa meira utan skóla ná oft betri árangri í lestri. Er það ef til vill vegna meiri þjálfunar í lestrartækni eða vegna meiri áhuga þeirra á lestri. Dagblöðin skipta líka máli fyrir lestur barna. Börn af heimilum þar sem dagblöð koma reglulega standa

sig betur í lestri en börn af heimilum þar sem dagblöð koma óreglulega (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1993: 86-87).

Niðurstöður hafa bent til þess að áhugi og þekking ungs fólks á bókmenntum fari minnkandi. Íslensk ungmenni telja líka sjálf að dregið hafi úr áhuga á menningu landsins. Stúlkur lesa ennþá meira en strákar en bilið þar á milli er orðið minna. Mest af því sem unga fólkið les eða gerir nú á dögum er vegna persónulegs áhuga þeirra (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006: 60).

Mikilvægur hluti af uppeldi er flutningur menningararfs á milli kynslóða. Margir óttast um menningararf þjóða ef litið er til áhrifa hnattvæðingar. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að börn læra um íslensku bókmenntirnar í skólanum. Sumum fannst það fræðandi, öðrum fannst það leiðinlegt en mörgum fannst samt mikilvægt að læra um Íslendingasögurnar. Menningararfurinn skiptir miklu máli fyrir ungmenni og þarf því að huga vel að því innan grunnskóla hér á landi. Nemendur í íslenska skólakerfinu læra um þjóðarstolt, menningu og annað en ekki lesa allir íslenskar bókmenntir og margir hafa engan áhuga á því. Rannsakað var hvernig áhugi, þekking og skilningur ungs fólks á menningu breytist yfir tíma og var menningarlæsi lykilhugtakið. Talið er að best sé að nálgast menningarlæsi ungmenna út frá fjölmiðlum eða tómsundum. Reynt var að átta sig á merkingu íslenskrar menningar fyrir ungmenni og kom í ljós að hnattvæðing og netvæðing hefur áhrif á hugtök eins og menningu. Var verið að reyna að skilja áhuga og þekkingu ungmenna á íslenskrri menningu og hvernig lestrarvenjur þeirra hafa breyst eftir komu sjónvarpsins. Lestur ungmenna hefur minnkað og ekki var mikið um frístundalestur innan flokksins íslensk menning. Niðurstaðan er sú að íslensk börn þekkja íslenska menningu og fá þau þessa þekkingu úr námi sínu í grunnskólunum (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2000: 251-253; 2005: 55-57, 59, 63-64).

Uppeldishlutverk fjölmiðla

Fjölmiðlar hafa ákveðið uppeldishlutverk vegna áhrifa þeirra á daglegt líf barna og þroska þeirra. Fjölmiðlar hafa áhrif á skoðanir barna og viðhorf þeirra til málefna. Þrátt fyrir að sjónvarp hafi sennilega mest áhrif má ekki horfa framhjá áhrifum dagblaða. Dagblaðalestur gefur bæði börnum og fullorðnum mikið af upplýsingum og fróðleik, sérstaklega tengdum stjórnmálum. Fróðleik sem börnin fá oft ekki annars staðar. Börn eiga mun erfiðara en fullorðnir með að skoða fjölmiðla með

gagnrýnni hugsun. Því mótast skoðanir barna og ungmenna oft af dagblaðalestri þeirra. Rannsóknir hafa sýnt fram á beint samband á milli dagblaðalesturs ungmenna og stjórn málaþekkingar þeirra. Einnig voru einhver tengsl milli þekkingar þeirra og notkunar á sjónvarpi og útvarpi þó að það hafi verið veikari tengsl. Stjórn málaáhogi ungmenna kemur að hluta til frá dagblöðunum (Þorbjörn Broddason, 1974: 2, 6; Þorbjörn Broddason, 1987: 6-7). Hluti af fjölmiðlanotkun barna og ungmenna fer fram með öðru fólki. Ef skoðað er hvað fjölskyldur gera saman kemur fjölmiðlanotkun eins og sjónvarpsáhorf, bóklestur, hlustun á útvarp eða tónlist, tölvunotkun eða annað slíkt. Fjölmiðlarnir spila þannig hlutverk í samveru barna við foreldra þeirra. Hjá eldri krökkum er sjónvarpsáhorf oft það eina sem þau gera með foreldrum sínum (Livingstone, 2002: 184-187).

Hægt er að nota dagblöðin í kennslu í grunnskólum. Á það sérstaklega við í tungumálakennslu þar sem notkun á tungumálinu er oft mjög vönduð í dagblöðum og orðaforðinn mikill og fjölbreyttur. Dagblöðin fjalla líka um það sem er að gerast í heiminum og lestur þeirra eykur þekkingu. Allir ættu að geta fundið eitthvað í hverju dagblaði sem vekur áhuga þeirra. Þetta gæti líka hjálpað nemendum að átta sig á sínu áhugasviði. Mikilvægt atriði sem þessu fylgir er að lestur dagblaða í skólanum gæti aukið líkurnar á dagblaðalestri barna heima hjá sér (Sanderson, 1999, 1-3). Á hugmyndasíðunni í Skímu (1979) skrifaði Páll Ólafsson um dagblöð sem hjálpargagn í íslenskri móðurmálskennslu. Sagði hann frá því hvernig nemendur gætu skoðað tjáskipti, efni, aðstæður og annað. Einnig gætu þeir æft sig í að flokka efni og skiptingu fréttu eftir því hvaðan þær kæmu. Dagblöðin sýna tungumálið eins og það er í daglegri notkun.

Áhrif fjölmiðla

Fjölmiðlar skipta ekki bara máli fyrir fullorðna heldur líka fyrir yngri kynslóðirnar. Börn og unglíngar innan nútíma fjölskyldna horfa á sjónvarp, hlusta á útvarp og lesa dagblöð. Fjölmiðlar taka þátt í að móta hugsanir og hegðun þeirra auk þess að móta hugmyndir þeirra um heiminn. Mikið hefur verið skoðað hver áhrif fjölmiðlanna séu á skemmtun þeirra, tímaskiptingu, athygli, skilning ásamt áhrifum á tungumál þeirra. (Singer & Singer, 2001: xi, 1). Þegar skoðuð eru tengslin milli barna og fjölmiðla berst umræðan oft að ofbeldi. Margir hafa séð tengsl milli ofbeldis í fjölmiðlum eins og sjónvarpi annars vegar og frávíkshegðunar barna hins vegar.

Einnig hefur fjölmiðlanotkun barna verið tengd við félagslega einangrun, vandamál við heimanám, óholla fæðu og fleira þess háttar. Jákvæðir þættir eins og aukin kunnátta barna um heiminn, þróun ímyndunarafls, hjálp við að mynda sjálfsmynd og fleira hefur líka verið tengt við fjölmiðlanotkun. Eru þetta þó aðeins kenningar (McQuail, 2005: 486-487). Um allan heim eru börn mjög tengd nýjum miðlum. Þegar ungmenni, nýir miðlar og félagslegar breytingar eru sett saman þá vekur það oft ótta hjá foreldrum, kennurum og fleirum. Fólki hefur áhyggjur af því að miðlarnir hafi of mikil áhrif á barnæskuna og jafnvel hafi stjórn á lífi barnanna. Nú í dag eru mikil tengsl á milli barna, fjölmiðla og upplýsingatækninnar sem fyrri kynslóðir upplifðu ekki á sama hátt í eigin barnæsku. Fólki tengir oft börnin og nýju miðlana á neikvæðan hátt og sér oft aðeins þau atriði sem gætu skaðað þessa óþroskuðu einstaklinga. Þetta hefur oft áður gerst þegar nýir miðlar koma fram. Oftar en ekki er skaðinn samt minni en óttast hafði verið. Í stað þess að einangrast hefur unga fólkið blandað hinum nýju miðlum inn í sitt umhverfi og félagslíf (Livingstone, 2002: 5-7 ; Livingstone og Drottner, 2008: 1-2).

Dagblaðlestur og nýir miðlar

Þrátt fyrir tilkomu nýrra miðla hafa mörg dagblöð haldið stöðu sinni. Þrátt fyrir internetið þá fá börn og ungt fólk mikið af upplýsingum frá dagblaðlestri. Fólki hélt líka að dagblöðin myndu ekki lifa af tilkomu sjónvarpsins en annað kom í ljós. Dagblöðin eru nú einnig fáanleg á tölvutæku formi og nýta margir lesendur sér þann möguleika á meðan aðrir halda sig ennþá við prentuðu útgáfuna. Mörg blöð hafa reynt að laða að unga lesendur með því að hafa blaðið á netinu með misgóðum árangri. Málið er að mörgum finnst þægilegt að setjast upp í sófa eða í strætó með dagblað, hlutverk sem tölvan getur hugsanlega ekki tekið yfir. Internetið hefur auðveldað samskipti milli dagblaða og lesenda. Hægt er að senda tölvupósta og margir þeirra eru birtir sem lesendabréf í blaðinu. Er því margt við tæknivæðinguna sem gerir jákvæða hluti fyrir prentuð dagblöð (Martin Wainwright, 1998: 71-74).

Fjölmiðlavenjur ungmenna hafa breyst og á sama tíma hefur lestur þeirra á bókum og dagblöðum minnkað gríðarlega. Ekki má samt líta framhjá því að fjölmiðlanotkun nútímans felur oft í sér lestur. Mætti kalla það nýja tegund af lestri. Það má ekki gleyma þeirri lestrargerð sem nýju miðlarnir fela í sér. Lestrarvenjur barna eru án efa að breytast en það þýðir ekki að lestur barna hafi breyst til hins

verra. Ungmennin lesa þónokkuð á tölvur og svo felst oft einnig lestur í sjónvarpsáhorfi þeirra. Þarf því að skilgreina menningarläsi upp á nýtt þar sem tekið er tillit til þess að börn lesa nýju miðlana. Þó að bók-, blaða- og tímaritslestur barna sé að minnka þá hefur líka bæst við lestur á farsímum, sjónvarpi, tölvuleikjum og öðru slíku (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006: 60-61; Þorbjörn Broddason, 1996: 112-114; Þorbjörn Broddason, 2005a: 50, 53).

Aðferðir og gögn

Rannsóknin Börn og sjónvarp á Íslandi

Börn og sjónvarp á Íslandi er rannsókn sem Þorbjörn Broddason prófessor hefur staðið fyrir síðustu áratugi, fyrst einn og síðan með samstarfsfólki og nemendum. Allt byrjaði þetta sem lokaverkefni Þorbjarnar við Háskólann í Lundi í Svíþjóð þar sem hann stundaði framhaldsnám. Átti að skoða komu sjónvarps hingað til lands. Rannsóknirnar hafa verið gerðar með nokkuð jöfnu millibili í rúm 40 ár. Fyrsta rannsóknin var framkvæmd árið 1968 í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Var spurningalistinn lagður fyrir 601 ungmenni. Næst var spurningalistinn lagður fyrir árið 1979, 11 árum seinna. Síðan þá hefur þetta verið gert á sex ára fresti, árin 1985, 1991, 1997, 2003 og nýjasta könnunin var lögð fyrir grunnskólanema árið 2009. Fjölmíðlar eru sífellt að vaxa og breytast. Fjölmíðlar eru mikilvægur þáttur í skilningi almennings og rannsóknum á samfélögum. Rannsóknin *Börn og sjónvarp á Íslandi* átti upprunalega ekki að vera langtímarannsókn. Átti könnunin að vera söfnun á gögnum um útbreiðslu sjónvarps og fjölmiðlavenjur barna og ungmenna á Íslandi. Á þeim tíma vissi enginn hversu mikil áhrif tækniþróun og sjónvarpið myndi hafa á félagslega, efnahagslega, menningarlega og pólitíska þætti. Sjónvarpið byrjaði sem hlutur tengdur samfélögum, varð svo hluti af flestum samfélögum og er nú partur af samfélögum sem jafnvel mætti kalla sjónvarpssamfélög. Rannsóknin nær frá upphafi sjónvarps á Íslandi og fram á tímabil þar sem sjónvarp er til á flestum heimilum og oft í mörgum eintökum. Var tilgangurinn með rannsókninni sá að fylgjast með tilkomu þessa fjölmiðils og þeim breytingum sem honum myndu fylgja. Mikilvægur hluti af þessari rannsókn snýr þó að lestri barna og unglunga enda hefur hnignun orðið í bóka- og blaðalestri (Þorbjörn Broddason, 1996: 1-2, 29; Þorbjörn Broddason, 2005a: 49-50).

Kannanirnar eru nú orðnar sjö talsins. Er spurningalistinn lagður fyrir börn á aldrinum 10 til 15 ára sem eru fimmti til tíundi bekkur í grunnskóla. Í fyrstu rannsókninni voru bara spurð börn upp í 14 ára aldur því þá var skólaskyldan ekki lengri en því var svo breytt fyrir næstu könnun. Spurningalistinn hefur breyst með tímanum vegna nýrra miðla og nýrrar tækni. Sumar spurningar hafa tapað gildi sínu og dottið út og orðalagið á listanum er með breyttu sniði í takt við tímann. Misjafnt

er hversu mikið gildi hver efnispáttur hefur og hversu ítarlega er spurt. Aðalatriðið frá upphafi hefur verið sjónvarpið og aðrir fjölmiðlar. Rannsóknarsniðið hefur haldist svipað. Þorbjörn gerði fyrstu tvær kannanirnar sjálfur en hefur eftir það fengið aðstoð kennara og nemenda í félags- og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. Börnin ráða því hvort þau taka þátt eða ekki og foreldrar mega líka neita fyrir hönd barna sinna. Brottfall er samt lítið og er það að miklu leyti vegna góðs samstarfs við kennara og skólayfirvöld. Auðvitað kemur samt fyrir að börn séu veik þann dag sem spurningalistinn er lagður fyrir (Kjartan Ólafsson, 2000).

Rannsóknarferlið 2009

Rannsóknin árið 2009 var gerð í mars og apríl. Úrtakið var börn og ungmenni á aldrinum tíu til fimmtán ára í 16 grunnskólum í sex bæjarfélögum á Íslandi. Áttu skólarnir upprunalega að vera 18 en tveir skólar gátu ekki tekið þátt í könnunarferlinu. Skólarnir voru flestir í Reykjavík en einnig á Akureyri, Selfossi, Akranesi, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum.

Í þessari ritgerð voru aðeins skoðuð þau þrjú bæjarfélög sem hafa verið með frá upphafi en það eru Reykjavík, Akureyri og Vestmannaeyjar. Voru þetta alls 11 skólar og í heildina svöruðu 2876 nemendur í 5.-10. bekkjum skólanna. Skólarnir voru Breiðdagerðisskóli, Foldaskóli, Hagaskóli, Ingunnarskóli, Melaskóli, Réttarholtsskóli og Ölduselsskóli í Reykjavík. Svo voru það Brekkuskóli, Giljaskóli og Glerárskóli auk Grunnskóla Vestmannaeyja. Spurningalistarnir voru prentaðir út og raðað í bunka eftir nemendafjölda í bekkjum og svo sett í kassa eftir skólum. Allir sem mættir voru í skólann þann dag sem könnunin var lögð fyrir, fengu spurningalistann á borðið hjá sér. Þeim var þó ekki skylt að svara og foreldrar höfðu einnig haft tækifæri til að skrá barn sitt úr rannsókninni væru þau mótfallin þátttöku. Veikindi settu strik í reikninginn eins og oft áður en svarhlutfallið var samt sem áður gott. Spurningalistinn var samansettur af 79 spurningum eða alls 23 síður í heildina. Á fyrstu opnu var kynningarbréf til nemendanna sem útskýrði könnunina betur og lagði sérstaka áherslu á að þetta væri ekki próf, engin svör væru rétt eða röng. Í einstaka tilfellum aðstoðuðu kennarar eða túlkar í skólunum börnin ef þau áttu í vandræðum með spurningalistann og umsjónarmenn rannsóknarinnar svöruðu líka stökum spurningum frá nemendum.

Spurningarnar

Til að skoða dagblaðalestur ungmenna var notast við nokkrar spurningar. Bakgrunnsspurningar varðandi kyn og aldur voru hafðar til hliðsjónar til að greina betur dagblaðalestur íslenskra ungmenna og hvernig hann dreifðist.

1. Ert þú strákur eða stelpa?

Strákur

Stelpa

2. Í hvaða bekk ert þú?

5. bekk

6. bekk

7. bekk

8. bekk

9. bekk

10. bekk

Við spurningu 1 áttu ungmennin þá að haka við kyn sitt, *strákur* eða *stelpa*. Í spurningu tvö voru svarmöguleikarnir sex talsins í samræmi við fjölda árganganna sem spurningalistinn var lagður fyrir. Áttu ungmennin að haka við þann bekk sem þau voru í. Einnig var gerð breyta fyrir bæjarfélög nemenda til að geta greint hvort svarandi byggi á Akureyri, í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum.

Sú spurning sem varð kjarninn í þessari ritgerð var spurning númer 15 í spurningalistanum 2009. Hún hljóðar svo: „Lestu einhver dagblöð?“. Dagblöðin sem voru gefin út á Íslandi á þeim tímapunkti voru *DV*, *Fréttablaðið* og *Morgunblaðið*. Við hvert blað átti svarandi að merkja við hvort hann eða hún læsi viðkomandi blað *mjög sjaldan eða aldrei*, *sjaldnar en einu sinni í viku*, *um það bil einu sinni í viku*, *nokkrum sinnum í viku* eða *flesta eða alla daga*. Síðasti svarliðurinn *flesta eða alla daga* var einangraður og notaður við útreikninga. Það var gert til að dagblaðalestur væri skýrari. Ekki var verið að skoða þá sem kíktu í dagblað einu sinni í viku. Það var verið að skoða hversu mörg ungmenni á aldrinum 10-15 ára læsu *DV*, *Fréttablaðið* eða *Morgunblaðið* flesta eða alla daga. Einnig var hægt að bera saman útkomuna við niðurstöður fyrri ára og skoða mun á dagblaðalestri eftir aldri og stað.

15. **Lestu einhver dagblöð?** (Merktu í viðeigandi reit varðandi hvert þessara blaða).

	Mjög sjaldan eða aldrei	Sjaldnar en einu sinni í viku	Um það bil einu sinni í viku	Nokkrum sinnum í viku	Flesta eða alla daga
DV	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fréttablaðið	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Morgunblaðið	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Dagblaðalestur og fjölmiðlanotkun íslenskra ungmenna var einnig skoðuð með því að greina niðurstöður nokkurra annarra spurninga. Fyrst ber að nefna spurninguna varðandi hvaða starfi ungmennin teldu líklegast að þau myndu sinna í framtíðinni og svo hvað væri þeirra draumastarf. Þær eru ekki notaðar að þessu sinni en spurningarnar sem þeim fylgdu voru notaðar.

10. Allir fá sér einhverja vinnu þegar þeir eru orðnir fullorðnir og hætta að ganga í skóla. **Hvernig starf finnst þér líklegra að þú munir vinna?** (Þú þarft alls ekki að vera viss, en þú getur áreiðanlega hugsað þér starf sem þér finnst sennilegra að þú munir vinna frekar en margt annað).

Starfið sem ég held ég muni vinna er: _____

12. **Áttu þér nokkurt draumastarf?** Starf sem þú myndir kjósa þér ef þú gætir valið hvaða starf sem þér sýndist. Ef svo er skaltu skrifa hvernig starf það er.

Draumastarfið mitt er: _____

Á eftir þessum spurningum var spurt: „Hvaðan hefur þú frétt um þetta starf?“. Þetta voru spurningar 11 og 13. Svarmöguleikarnir við báðar voru nokkrir og voru þeir alveg eins í báðum tilvikum. Þar á meðal var hægt að haka við *Ég hef lesið um það í blöðum*. Hinir svarmöguleikarnir voru *pabbi minn hefur eða hafði þetta starf*, *mamma mín hefur eða hafði þetta starf*, *ég hef lesið um það í bókum*, *ég hef séð það í bíó*, *ég hef séð starfið á netinu*, *ég þekki fólk sem hefur eða hafði þetta starf*, *ég lærði um starfið í skólanum* og *á lokum ég hef séð það í kvikmyndum*, *þáttum eða sjónvarpi*. Voru niðurstöður þessarar spurningar skoðaðar og dagblöðin borin saman við hina svarmöguleikana.

13. Hvaðan hefur þú frétt um þetta starf? (Merktu við það sem við á. Þú mátt velja fleira en eitt).

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Pabbi minn hefur þetta starf. | <input type="checkbox"/> Mamma mín hefur þetta starf. |
| <input type="checkbox"/> Ég hef lesið um það í blöðum. | <input type="checkbox"/> Ég hef lesið um það í bókum. |
| <input type="checkbox"/> Ég hef séð það í bíó. | <input type="checkbox"/> Ég hef séð starfið á Netinu. |
| <input type="checkbox"/> Ég þekki fólk sem gegnir starfinu. | <input type="checkbox"/> Ég lærði um starfið í skólanum. |
| <input type="checkbox"/> Ég hef séð það í kvikmyndum, þáttum eða sjónvarpi. | |

11. Hvaðan hefur þú frétt um þetta starf? (Merktu við það sem við á. Þú mátt velja fleira en eitt).

- | | |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> Pabbi minn hefur þetta starf. | <input type="checkbox"/> Mamma mín hefur þetta starf. |
| <input type="checkbox"/> Ég hef lesið um það í blöðum. | <input type="checkbox"/> Ég hef lesið um það í bókum. |
| <input type="checkbox"/> Ég hef séð það í bíó. | <input type="checkbox"/> Ég hef séð starfið á Netinu. |
| <input type="checkbox"/> Ég þekki fólk sem gegnir starfinu. | <input type="checkbox"/> Ég lærði um starfið í skólanum. |
| <input type="checkbox"/> Ég hef séð það í kvikmyndum, þáttum eða sjónvarpi | |

Einnig voru skoðaðar niðurstöðurnar úr spurningu 39 „Ef eitthvað væri að gerast einhvers staðar og þig langaði að fylgjast með, hvar myndir þú leita upplýsinga?“. Svarmöguleikarnir voru *á netinu, í sjónvarpinu, í símanum, í útvarpinu, í dagblöðum* eða *annars staðar*. Ef nemendur merktu við síðasta valmöguleikann voru þeir beðnir að tilgreina hvar. Þarna er svarmöguleikinn *í dagblöðum* skoðaður og borinn saman við hina möguleikana.

38. Ef eitthvað væri að gerast einhvers staðar og þig langaði að fylgjast með, hvar myndir þú leita upplýsinga? (Merktu við það sem við á. Þú mátt velja fleira en eitt).

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Á Netinu. | <input type="checkbox"/> Í sjónvarpinu. |
| <input type="checkbox"/> Í símanum. | <input type="checkbox"/> Í útvarpinu. |
| <input type="checkbox"/> Í dagblöðum. | |
| <input type="checkbox"/> Annars staðar: (Hvar?) _____ | |

Spurning 77 var virkilega mikilvæg en þar var spurt út í hversu mikið ungmennin horfðu, hlustuðu, skoðuðu eða lásu fréttir. Var verið að kanna hversu vel þau væru að fylgjast með og þá hvernig. Spurningin hljóðaði svo: „Hversu oft fylgist þú með fréttum?“. Spurningin var í fimm liðum: *Ég horfi á fréttir í sjónvarpi; Ég hlusta á fréttir í útvarpi; Ég les fréttir í dagblöðum; Ég nálgast fréttir á netinu; Ég fylgist með veðurfréttum*. Við hvern lið áttu svarendur að meta hversu oft þeir fylgdust þannig með fréttum og var hægt að merkja við *aldrei eða nær aldrei, sjaldnar en einu sinni í viku, nokkrum sinnum í viku, einu sinni á dag, oftar en einu sinni á dag*. Vildi ég bæði skoða hvernig dagblöðin væru að koma út úr þessu og einnig kanna hversu stór hópur fylgdist lítið sem ekkert með fréttum og hversu margir fylgdust með fréttum *einu sinni á dag* eða oftar.

77. Hversu oft fylgist þú með fréttum? (Merktu í einn reit í hverjum lið).

	Aldrei eða nær aldrei	Sjaldnar en einu sinni í viku	Nokkrum sinnum í viku.	Einu sinni á dag	Oftar en einu sinni á dag
Ég horfi á fréttir í sjónvarpi...	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég hlusta á fréttir í útvarpi...	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég les fréttir í dagblöðum..	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég nálgast fréttir á Netinu.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég fylgist með veðurfréttum...	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Einnig var að gamni kíkt á lestur tímarita en í spurningu 18 í listanum er spurt: „Lestu einhver tímarit?“ Langaði mig að sjá lestur tímarita og bera saman við lesturinn á dagblöðunum.

18. Lestu einhver tímarit? (Ef svo er skrifaðu nöfn þeirra).

- Nei, ég les engin tímarit.
- Já, og tímaritin sem ég les heita:

Gagnavinnsla

Við úrvinnslu gagnanna voru aðallega notaðar einfaldar greiningaraðferðir. Skoðuð var dreifing einstakra breyta og svo tengsl milli tveggja breyta með krosstöflum. Öll gagnavinnsla fór fram í SPSS 16.0. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum í máli, töflum og hlutfallstölum. Einnig var gerður samanburður varðandi nokkur atriði og voru til þess notuð gögn frá 1997 og 2003. Var það gert til að sjá breytingar milli könnunarára og reyna að dýpka skilninginn á því hvernig dagblaðalestur barna og unglunga á Íslandi er í raun og veru. Úrtakið árið 2009 var 3202 nemendur. Alls voru 2876 nemendur sem svöruðu spurningalistanum og var svarhlutfall því um 90 prósent. Á Akureyri svöruðu rúmlega 90 prósent, í Reykjavík svöruðu tæp 89 prósent og svo svöruðu tæp 90 prósent í Vestmannaeyjum.

Tafla 1.1 Heimtur

	Úrtak	Heimtur	Hlutfall
Akureyri	805	752	93,3%
Reykjavík	2005	1773	88,43%
Vestmannaeyjar	391	351	89,77%
Samtals	3209	1861	89,82%

Bæjarfélag

Af þeim 2876 nemendum sem tóku þátt í stærstu þremur bæjarfélögum þá var skiptingin nokkuð ójöfn eins og við var að búast sökum íbúafjölda. Á Akureyri voru 752 sem svöruðu og gerir það 26,1 prósent þátttakenda. Í Reykjavík svöruðu 1773 sem gerir 61,6 prósent af heildarfjölda þátttakenda. Í Vestmannaeyjum svöruðu svo 351 sem telst 12,2 prósent af öllum þátttakendunum í þessum þremur bæjarfélögum.

Bakgrunnsbreytur

Þegar dagblaðalestur íslenskra ungmenna var metinn voru bakgrunnsbreytur notaðar til að skoða dagblaðalesturinn eftir kyni, aldri og búsetu. Er það mikilvægt til að meta það hvernig dagblaðalesturinn dreifist og gefur það meiri dýpt í niðurstöðurnar um daglegan dagblaðalestur ungmennanna. Niðurstöðurnar koma úr tíðnitöflum og krosstöflum sem reiknaðar voru í SPSS.

Kyn

Alls voru 2876 einstaklingar sem tóku þátt og svöruðu spurningalistunum í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. 2845 svöruðu spurningu eitt um kyn sitt, 31 einstaklingur skráði ekki kyn. Af þeim sem svöruðu spurningunni voru piltar 1443 og stúlkur 1402. Ef aðeins eru skoðaðir þeir einstaklingar sem svöruðu spurningu 1 og skilgreindu kyn sitt þá voru 50,7 prósent þeirra strákar og 49,3 prósent þeirra stúlkur. Ef þeir sem ekki skilgreindu kyn sitt eru teknir með þá er skiptingin á þann veg að 50,2 prósent þátttakenda svöruðu *strákur*, 48,7 prósent svöruðu *stelpa* en 1,1 prósent slepptu því að svara.

Tafla 1.2 Ert þú strákur eða stelpa?

	Tíðni	Hlutfall	Gilt hlutfall
Strákur	1443	50,2%	50,7%
Stelpa	1402	48,7%	49,3%
Óvitað um kyn	31	1,1%	-
Samtals	2876	100%	100%

Aldur

Í spurningu tvö voru þátttakendur beðnir að merkja við í hvaða bekk þau væru, frá fimmta upp í tíunda bekk. Af þeim 2876 sem svöruðu spurningalistanum í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum voru 25 einstaklingar sem svöruðu spurningunni ekki. 99 prósent eða 2851 einstaklingur skráði í hvaða bekk hann væri. Þeir skiptust þannig að 445 voru í 5. bekk, 409 í 6. bekk, 412 í 7. bekk, 492 í 8. bekk, 547 í 9. bekk og 546 í 10. bekk. Ef aðeins eru skoðaðir þeir sem skráðu aldur sinn væri það í prósentum 15,6 í fimmta, 14,3 í sjötta, 14,5 í sjöunda, 17,3 í áttunda, 19,2 í níunda og 19,2 í tíunda bekk.

Tafla 1.3 Í hvaða bekk ert þú?

	Tíðni	Hlutfall	Gilt hlutfall
5.bekkur	445	15,5%	15,6%
6.bekkur	409	14,2%	14,3%
7.bekkur	412	14,3%	14,4%
8.bekkur	492	17,1%	17,3%
9.bekkur	547	19,0%	19,2%
10.bekkur	546	19,0%	19,2%
Ekki vitað	25	0,9%	-
Samtals	2876	100%	100%

Niðurstöður

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um dagblaðalestur ungmenna á Íslandi árið 2009. Hér verður greint frá þeim helstu niðurstöðum varðandi dagblaðalestur, tímaritalestur og annað í spurningalistanum tengt dagblöðum. Spurningin um dagblaðalestur hefur verið með í rannsóknarverkefninu frá upphafi og var því hægt að gera samanburð við árin 1997 og 2003.

Dagblaðalestur

Í spurningu 15 í spurningalistanum sem lagður var fyrir ungmennin, var spurt: „*Lestu einhver dagblöð?*” Fyrir neðan voru svo þrjú liðir, einn fyrir hvert dagblað sem var í útgáfu. Þetta voru *DV*, *Fréttablaðið* og *Morgunblaðið*. Nokkrir einstaklingar svöruðu ekki spurningunni eða einhverjum lið hennar og verður það sérstaklega tekið fram. Þegar tölurnar eru skoðaðar er nauðsynlegt að hafa tvennt í huga. *Fréttablaðið* var frítt fyrir alla í þessum bæjarfélögum og *Morgunblaðið* er áskriftarblað og kemur því ekki inn á öll heimili. Niðurstöðurnar koma úr tíðnitöflum og krosstöflum sem reiknaðar voru í SPSS forritinu.

Lestur íslensku dagblaðanna

DV

Af 2876 þátttakendum svöruðu 81,3 prósent eða 2338 nemendur spurningunni um það hversu oft þau læsu *DV*. Af 2876 þátttakendum skiptist það þannig að 66 prósent sögðust *mjög sjaldan eða aldrei* lesa *DV*. 7,8 prósent sögðust lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 3,8 prósent sögðust lesa blaðið *um það bil einu sinni í viku*. Aðeins 2,2 prósent svöruðu að þau læsu *DV nokkrum sinnum í viku* og ekki nema 1,6 prósent svarenda sagðist lesa það *flesta eða alla daga*. 18,7 prósent svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir eru ekki teknir með skiptist þetta þannig að af svarendum voru 81,2 sem *mjög sjaldan eða aldrei* lesa *DV*. 9,5 prósent lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 4,6 prósent lesa blaðið *um það bil einu sinni í viku*. 2,7 prósent lesa *DV nokkrum sinnum í viku* og 1,9 prósent lesa það *flesta eða alla daga*. 81,2 prósent sögðust aldrei lesa blaðið sem segir mikið um það hvað lestur blaðsins var lítill. Blaðið hefur líka síðan þá hætt að koma út sem dagblað og er aðeins helgarblað í dag.

Fréttablaðið

Af 2876 nemendum svöruðu 2744 eða 95,4 prósent nemenda spurningunni um það hvort hversu oft þau læsu *Fréttablaðið*. Af 2876 þátttakendum þá skiptist þetta þannig að 18,3 prósent sögðust *mjög sjaldan eða aldrei* lesa *Fréttablaðið*. 14 prósent sögðust lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 14,4 prósent sögðust lesa blaðið *um það bil einu sinni í viku*. Svo voru það 24,3 prósent sem svöruðu að þau læsu *Fréttablaðið nokkrum sinnum í viku* og 24,5 prósent sögðust lesa það *flesta eða alla daga*. 4,6 prósent svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir eru ekki teknir með skiptist þetta þannig að af svarendum voru 19,1 prósent sem *mjög sjaldan eða aldrei* lesa *Fréttablaðið*. 14,7 prósent lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 15,1 prósent lesa blaðið *um það bil einu sinni í viku*. 25,4 prósent lesa *Fréttablaðið nokkrum sinnum í viku* og 25,7 prósent lesa það *flesta eða alla daga*. Lestur *Fréttablaðsins* var mestur af þeim þrem blöðum sem spurt var um í spurningalistanum. Yfir helmingur svarenda las *Fréttablaðið* nokkrum sinnum í viku eða oftar sem er mun hærra en lestur hinna tveggja blaðanna. Aðeins fimmtungur les blaðið *sjaldan eða aldrei*. Sterk staða *Fréttablaðsins* sést því mjög vel á þessum tölum.

Morgunblaðið

Af 2876 nemendum svöruðu 2590 spurningunni um það hversu oft þau læsu *Morgunblaðið*. Af 2876 þátttakendum þá skiptist þetta þannig að 31,2 prósent sögðust *mjög sjaldan eða aldrei* lesa *Morgunblaðið*. 15,2 prósent sögðust lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 12,4 prósent sögðust lesa blaðið *um það bil einu sinni í viku*. Svo voru það 15,6 prósent sem svöruðu að þau læsu *Morgunblaðið nokkrum sinnum í viku* og 15,6 sögðust lesa það *flesta eða alla daga*. 9,9 prósent svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir eru ekki teknir með skiptist þetta þannig að af svarendum voru 34,7 prósent sem *mjög sjaldan eða aldrei* lesa *Morgunblaðið*. 16,8 prósent lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 13,7 prósent lesa blaðið *um það bil einu sinni í viku*. 17,4 prósent lesa *Morgunblaðið nokkrum sinnum í viku* og 17,4 prósent lesa það *flesta eða alla daga*. Rúmur þriðjungur svarenda les *Morgunblaðið* nokkrum sinnum í viku eða oftar. Upp á móti kemur að meira en þriðjungur les blaðið *sjaldan eða aldrei*. Lestur *Morgunblaðsins* er samt mun hærri en lestur *DV*. *Fréttablaðið* hefur þó betur en ítreka skal að *Morgunblaðið* er áskriftarblað og því

ekki til á öllum heimilum á meðan *Fréttablaðinu* var þarna dreyft frítt á öll heimili í Reykjavík og á Akureyri og svo í kassa á ljósastaurum í Vestmannaeyjum.

Tafla 2.1 Lestu dagblöð?

	DV		Fréttablaðið		Morgunblaðið	
	Hlutfall	Gilt hlutfall	Hlutfall	Gilt hlutfall	Hlutfall	Gilt hlutfall
Mjög sjaldan eða aldrei	66,0%	81,2%	18,3%	19,1%	31,2%	34,7%
Sjaldnar en einu sinni í viku	7,8%	9,5%	14,4%	14,7%	15,2%	16,8%
Um það bil einu sinni í viku	3,8%	4,6%	14,4%	15,1%	12,4%	13,7%
Nokkrum sinnum í viku	2,2%	2,7%	24,3%	25,4%	15,6%	17,4%
Flesta eða alla daga	1,6%	1,9%	24,5%	25,7%	15,6%	17,4%
Ekki svarað	18,7%	-	4,6%	-	9,9%	-
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Daglegur dagblaðalestur ungmenna

Til að geta betur borið saman dagblaðalestur ungmennana voru búnar til fjórar nýjar breytur út frá spurningu 15. Þær voru Les DV flesta eða alla daga; Les Fréttablaðið flesta eða alla daga; Les Morgunblaðið flesta eða alla daga; Les eitt eða fleiri blöð flesta eða alla daga. Eins og áðan kom fram þá svöruðu ekki allir nemendur spurningunum um dagblaðalesturinn. Þessar breytur eru gerðar út frá svarlið 5 við spurningu 15. Eru þetta þeir nemendur sem svöruðu að þeir læsu viðkomandi blað eða blöð flesta eða alla daga. Síðasta breytan er svo til að átta sig á því hversu stór hluti les eitthvert dagblað flesta eða alla daga. Búið er að skoða lestur ungmennana í úrtakinu eftir hverju dagblaði.

DV

Ef við skoðum daglegan lestur á *DV* eftir kynjum þá kemur í ljós að 2,1 prósent pilta lesa *DV* svona oft og 1,6 prósent stúlkna. Aldursskiptingin var þannig að 2,6 prósent 5.bekkinga og 2 prósent 6.-bekkinga lásu blaðið flesta eða alla daga. Í 7. bekk voru það 2,1 prósent og í 8. bekk 2 prósent. 1,8 prósent 9.-bekkinga las *DV* flesta eða alla daga og 1,2 prósent 10.bekkinga. Ef lestur *DV* er skoðaður eftir bæjarfélögum þá er daglegur lestur mjög lítill á öllum stöðum. 1 prósent nemendanna á Akureyri les *DV* flesta eða alla daga, 2,3 prósent í Reykjavík og 2 prósent í Vestmannaeyjum. Tölurnar eru mjög lágar en samt sést örlítill munur milli kynja. Varðandi bæjarfélög þá var lestur blaðsins minnstur á Akureyri.

Fréttablaðið

Ef við skoðum daglegan lestur á *Fréttablaðinu* eftir kyni sést að 27,2 prósent stráka les *Fréttablaðið* svona oft og 24,2 prósent stelpna. Aldursskiptingin var þannig að 18,4 prósent 5.-bekkinga og 24,8 prósent 6.-bekkinga lásu blaðið flesta eða alla daga. Í 7. bekk voru það 22 prósent en 25,9 prósent í 8. bekk. 28,3 prósent 9.-bekkinga lesa *Fréttablaðið* daglega eða næstum daglega og 31,8 prósent 10.-bekkinga. Ef lestur *Fréttablaðsins* er skoðaður eftir bæjarfélögum þá er daglegur lestur dálítið misjafn. 23,1 prósent nemendanna á Akureyri les *Fréttablaðið* flesta eða alla daga og 29,4 prósent í Reykjavík. Í Vestmannaeyjum var daglegur lestur þó mun minni eða 12,3 prósent. Taka skal fram að á þessum tíma var *Fréttablaðinu* dreyft í öll hús á Akureyri og í Reykjavík en ekki í Vestmannaeyjum. Þar var blöðunum dreyft í þar til gerða blaðakassa á ljósastaurum víða um bæinn og svo í verslanir. Þetta skýrir án efa þennan mun í lestri *Fréttablaðsins* milli bæjarfélaga, að minnsta kosti að hluta til. Aldursskiptingin er eðlileg í samræmi við aukinn dagblaðalestur með aldrinum.

Morgunblaðið

Ef við skoðum daglegan lestur á *Morgunblaðinu* eftir kyni sést að 19,5 prósent stráka lesa *Morgunblaðið* flesta eða alla daga og 15,1 prósent stúlkna. Aldursskiptingin var þannig að 12,7 prósent 5.bekkinga lásu blaðið flesta eða alla daga og 18,4 prósent 6.bekkinga. Í 7.bekk voru það 14,4 prósent en 17,9 prósent í 8.bekk. 17,4 prósent 9.bekkinga les *Morgunblaðið* flesta eða alla daga og 21,7 prósent 10.bekkinga. Ef lestur *Morgunblaðsins* er skoðaður eftir bæjarfélögum þá er

daglegur lestur mjög mismunandi í höfuðborginni og utan hennar. Í Reykjavík sögðust 23 prósent nemenda lesa *Morgunblaðið* flesta eða alla daga. Á Akureyri lesa 7,9 prósent nemendanna blaðið flesta eða alla daga og 9 prósent í Vestmannaeyjum. Strákarnir lesa *Morgunblaðið* meira en stúlkurnar. Mun fleiri lesa *Morgunblaðið* í Reykjavík en á Akureyri eða í Vestmannaeyjum.

Tafla 2.2 Les blaðið flesta eða alla daga

	DV	Fréttablaðið	Morgunblaðið
Akureyri	1,0%	23,1	7,9%
Reykjavík	2,3%	29,4%	23,0%
Vestmannaeyjar	2,0%	12,0%	9,0%

Öll blöðin

Ef skoðaðaðar eru niðurstöður fyrir öll blöðin, nýju breytuna *Les eitt eða fleiri blöð flesta eða alla daga* kemur ýmislegt í ljós. Af 2876 eru 857 sem lesa eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga. Af þeim eru lesendur *Fréttablaðsins* í meirihluta. Af þeim 433 sem lesa *Morgunblaðið* flesta eða alla daga eru aðeins 127 sem lesa ekki *Fréttablaðið* líka. Svo voru 7 sem lesa DV en ekki *Fréttablaðið*. Þetta sýnir hversu stóra lestrarhlutdeild *Fréttablaðið* hefur í raun og veru. Aðeins áttungur þeirra sem lesa eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga sem lesa ekki *Fréttablaðið*.

Af 2876 nemendum eru 29,8 prósent sem lesa eitt eða fleiri blöð flesta eða alla daga á móti 68,9 prósentum sem gera það ekki. 1,3 prósent teljast ekki með. Ef aðeins er litið á þá sem svöruðu þá eru það 30,2 prósent sem lesa eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga. Að tæp þrjátíu prósent lesi eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga er mikilvægt að vita. Til finna út daglegan dagblaðalestur ungmennana í úrtakinu var búin til ný breyta sem sagt var frá að ofan, *Les eitt eða fleiri blöð flesta eða alla daga*. Með því að reikna krosstöflur er hægt að skoða dagblaðalesturinn eftir kyni. Með því að kanna breytuna eftir kynjunum þá kemur í ljós að 32,9 prósent stráka lesa eitt eða fleiri blöð flesta eða alla daga og 27,3 prósent stelpna. Aldursskiptingin var þannig að 21,6 prósent 5.bekkinga lásu dagblað eða dagblöð flesta eða alla daga. 29,4 prósent 6.bekkinga, 27,6 prósent 7.bekkinga og 30,9 prósent 8.bekkinga. Í 9. bekk lesa 32,2 prósent eitt eða fleiri blöð flesta eða alla daga og 37 prósent 10. bekkinga. Ef þessi lestur á einu eða fleiri

blöðum flesta eða alla daga er greindur eftir bæjarfélögum þá sést þónokkur munur. Á Akureyri lesa 24,7 prósent dagblöð svona reglulega og í Reykjavík var það 35,4 prósent. Í Vestmannaeyjum er það svo 15,9 prósent. Strákarnir eru með hærri tölur um dagblaðalestur sem var tilgáta sem ég lagði af stað með í upphafi. Munurinn er þó ekki gríðarlega mikill en þriðjungur stráka er að lesa eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga og meira en fjórðungur stúlkna. Munurinn milli bæjarfélaga er um það bil 10 prósent og voru tölurnar hæstar fyrir Reykjavík, svo Akureyri og Vestmannaeyjar voru með lægstu tölurnar. *Fréttablaðinu* var ekki dreyft í hús í Eyjum á þessum tíma og setur það án efa sitt strik í reikninginn.

Tafla 2.3 Les eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga, eftir kyni

	Strákur	Stelpa	Samtals
Já	32,9%	27,3%	30,2%
Nei	67,1%	72,7%	69,8%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 2.4 Les eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga, eftir aldri

	5.bekkur	6.bekkur	7.bekkur	8.bekkur	9.bekkur	10.bekk.	Alls
Já	21,6%	29,4%	27,6%	30,9%	32,2%	37,0%	30,2%
Nei	78,4%	70,6%	72,4%	27,6%	67,8%	63,0%	69,8%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 2.5 Les eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga, eftir stað

	Akureyri	Reykjavík	Vestmannaeyjar
Já	24,7%	35,3%	15,9%
Nei	75,3%	64,7%	84,1%
Samtals	100%	100%	100%

Aðrar spurningar tengdar dagblöðum

Dagblöðin komu fyrir í nokkrum öðrum spurningum í listanum og verða hér skoðaðar niðurstöður fyrir fjórar. Tvær voru svipaðar og tengdust þær vitneskju um störf í atvinnulífinu. Svo var spurning um það hvar ungmennin leituðu upplýsinga ef eitthvað væri að gerast og ein spurning varðandi fréttanotkun.

Hvaðan hefur þú heyrt um þetta starf?

Á eftir spurningunum um það hvaða starf viðkomandi taldi að hann myndi vinna við og hvað væri sitt draumastarf var spurt um það hvaðan viðkomandi hafi frétt um þetta starf. Spurningarnar höfðu níu svarmöguleika eins og kom fram að ofan. Fyrst verður farið yfir framtíðarstarfið og síðan draumastarfið. Þess má geta að nemendur áttu að merkja við það sem við átti og máttu þau alveg velja fleiri en einn svarmöguleika. Prósentutölurnar hér að tákna því hversu margir nemendur hökuðu við hvern möguleika og margir þeirra hökuðu við fleira en einn. Er þetta aðeins til að meta hvaðan nemendurnir eru að fá upplýsingar um störfín. Prósentutölurnar sýna hversu stór hluti merkti við valmöguleikann. Þess má geta að enn er óunnin flokkun á svörum um framtíðarstarfið og draumastarfið sem svarendur töldu sig eiga eftir að vinna við. Þar komu svör á við atvinnumennska í íþróttum, fatahönnuður, læknir, söngkona, flugmaður, flugfreyja, sálfræðingur, hárgreiðslukona, viðskiptafræðingur, dýralæknir, alþingismaður, tónlistarmaður, hjúkrunarfræðingur, listamaður, kennari, arkitekt, kokkur, leikari, leikkona, lögfræðingur, rafvirki og svona mætti lengi telja.

Tafla 3.1 Hvaðan hefur þú heyrt um þetta starf?

	Framtíðarstarfið	Draumastarfið
Pabbi hefur þetta starf	16,2%	8,8%
Mamma hefur þetta starf	9,6%	5%
Lesið um það í blöðum	21,6%	26,7%
Lesið um það í bókum	13,5%	16,7%
Hef séð það í bíó	16,6%	22,8%
Hef séð það á netinu	16,4%	21,8%
Þekki fólk sem hefur/hafði starfið	42,6%	34,7%
Lærði um það í skólanum	10%	8,6%
Hef séð það í kvikmynd, þætti, sjónvarpi	30,4%	39,9%

Framtíðarstarfið

Við spurninguna um það hvaðan nemendur höfðu frétt um framtíðarstarfið sitt voru 16,2 prósent sem sögðu að pabbi sinn ynni við starfið eða hefði unnið við það og 9,6 prósent sem sögðu að mamma sín ynni við starfið eða hefði unnið við það. 21,6

prósent sagðist hafa lesið um starfið í blöðum 13,5 prósent höfðu lesið um það í bókum. 16,6 prósent höfðu séð starfið í bíó og 16,4 prósent höfðu séð það á netinu. 42,6 prósent svaraði því að það þekki fólk sem hafi eða hafi haft þetta starf og var þetta algengasta svarið. 10 prósent höfðu lært um starfið í skólanum. 30,4 prósent höfðu séð starfið í kvikmyndum, þáttum eða sjónvarpi. Þarna eru dagblöðin þriðji vinsælasti svarmöguleikinn. Í ljósi minnkandi dagblaðalesturs er gott að rúmur fimmtungur sagðist hafa frétt um starfið í dagblöðum.

Kynin voru svo skoðuð hvort um sig til að sjá hvað væru algengustu svarmöguleikarnir um framtíðarstarfið hjá strákum og svo stelpum. Hafa skal í huga að margir merktu við fleiri en einn valmöguleika. Skiptingin hjá strákum var þannig að 24 prósent sögðu að pabbi sinn ynni eða hefði unnið við starfið og 5,5 prósent sögðu að mamma sín ynni eða hefði unnið við starfið. 20,1 prósent sögðust hafa lesið um starfið í blöðum og 12,3 prósent höfðu lesið um það í bókum. 15,7 prósent höfðu séð starfið í bíó og 17,7 prósent séð það á netinu. 36,1 prósent stráka sagðist þekkja fólk sem hafi eða hafi haft þetta starf. Svo voru 10,2 prósent sem sögðust hafa lært um starfið í skólanum og 28,1 prósent sögðust hafa séð starfið í kvikmyndum, þáttum eða sjónvarpi. Skiptingin hjá stelpum var þannig að 8,1 prósent sagði að pabbi sinn hefði eða hefði haft starfið og 13,7 sögðu að mamma sín hefði eða hefði haft starfið. 23,2 prósent sögðust hafa lesið um starfið í blöðum og 14,7 prósent höfðu lesið um það í bókum. 17,5 prósent höfðu séð starfið í bíó og 15 prósent séð það á netinu. 49,6 prósent stelpna sagðist þekkja fólk sem hafi eða hafi haft þetta starf. Svo voru 9,4 prósent sem sögðust hafa lært um starfið í skólanum og 32,9 prósent sem sögðust hafa séð starfið í kvikmyndum, þáttum eða sjónvarpi. Tæpur fjórðungur stúlkanna merkti við dagblöðin en fimmtungur stráka. Stúlkurnar voru reyndar hærri í mörgu og er spurning hvort þær hafi einfaldlega merkt við fleiri valmöguleika.

Draumastarfið

Við spurninguna um það hvaðan nemendur hefðu frétt um draumastarfið sitt voru 8,8 prósent sem sögðu að pabbi sinn ynni við starfið eða hefði unnið við það. 5 prósent sem sögðu að mamma sín ynni við starfið eða hefði unnið við það. 26,7 prósent sagðist hafa lesið um starfið í blöðum og 16,7 prósent höfðu lesið um það í bókum. 22,8 prósent höfðu séð starfið í bíó og 21,8 prósent höfðu séð það á netinu.

34,7 prósent svaraði því að það þekki fólk sem hafi eða hafi haft þetta starf og var þetta algengasta svarið. Aðeins 8,6 prósent höfðu lært um starfið í skólanum. 39,9 prósent höfðu séð starfið í kvikmyndum, þáttum eða sjónvarpi og var það algengasta svarið. Þegar spurt var um draumastarfið voru dagblöðin enn hærri en varðandi framtíðarstarfið. Þarna voru meira en fjórðungur sem merkti við dagblöðin. Eins og í hinni spurningunni þá voru fáir sem höfðu heyrt um starfið í skólanum og ekki margir höfðu valið starf foreldra sinna frekar en áðan.

Kynin voru svo skoðuð hvort um sig til að sjá hvað væru algengustu svarmöguleikarnir um draumastarfið hjá strákum og svo stelpum. Hafa skal í huga að margir merktu við fleiri en einn valmöguleika. Skiptingin hjá strákum var þannig að 12,1 prósent sögðu að pabbi sinn ynni eða hefði unnið við starfið og 3,6 prósent sögðu að mamma sín ynni eða hefði unnið við starfið. 27,5 prósent sögðust hafa lesið um starfið í blöðum og 16,9 prósent höfðu lesið um það í bókum. 23,4 prósent höfðu séð starfið í bíó og 24,9 prósent séð það á netinu. 29,9 prósent stráka sögðust þekkja fólk sem hafi eða hafi haft þetta starf. Svo voru 8,2 prósent sem sögðust hafa lært um starfið í skólanum og 39,4 prósent sögðust hafa séð starfið í kvikmyndum, þáttum eða sjónvarpi. Skiptingin hjá stelpum var þannig að 5,1 prósent sagði að pabbi sinn hefði eða hefði haft starfið og 6,3 prósent sögðu að mamma sín hefði eða hefði haft starfið. 25,9 prósent sögðust hafa lesið um starfið í blöðum og 16,3 prósent höfðu lesið um það í bókum. 22,4 prósent höfðu séð starfið í bíó og 18,4 prósent séð það á netinu. 39,4 prósent stelpna sagðist þekkja fólk sem hafi eða hafi haft þetta starf. Svo voru 8,6 prósent sem sögðust hafa lært um starfið í skólanum og 40,7 prósent sem sögðust hafa séð starfið í kvikmyndum, þáttum eða sjónvarpi. Strákarnir voru hærri í svarmöguleikanum dagblöð varðandi draumastarfið sitt. Spurning er hvort það gæti tengst íþróttasíðum blaðanna.

Ef eitthvað er að gerast einhvers staðar

Nemendur voru spurðir spurningar um að ef eitthvað væri að gerast einhvers staðar og þau langaði að fylgjast með, hvar myndu þau leita upplýsinga. Svarmöguleikarnir voru sex talsins. *Í dagblöðum* var einn af svarmöguleikunum. Niðurstöðurnar úr tíðnitöflum eru notaðar til að sjá hvernig dagblöðin væru að koma út úr þessari spurningu. Þess skal geta að nemendur máttu merkja við fleiri en einn svarmöguleika, með því var hægt að átta sig betur á heildarupplýsingaleit

þeirra. Prósentutölurnar sýna hversu margir merktu við viðkomandi svarmöguleika, það sem vantar upp í hundrað prósent eru þeir sem merktu ekki við þennan möguleika eða svöruðu spurningunni ekki. Niðurstöðurnar sýndu að af 2876 þátttakendum merktu heil 79,6 prósent við að þau myndu fylgjast með *á netinu*. 50,3 prósent sögðust fylgjast með *í sjónvarpinu*. 7,6 prósent sögðust fylgjast með *í símanum* og aðeins 12,3 prósent sögðust fylgjast með *í útvarpinu*. Tæpur þriðjungur eða 31,7 prósent svöruðu því að þau myndu fylgjast með *í dagblöðunum*. 7,6 prósent sögðust fylgjast með *annars staðar* en verður ekki farið nánar út í það hér.

**Tafla 4.1 Ef eitthvað væri að gerast einhvers staðar
hvar myndir þú leita upplýsinga til að fylgjast með?**

	Strákar	Stelpur	Samtals
Á netinu	83,5%	75,5%	79,6%
Í sjónvarpinu	45,9%	54,6%	50,3%
Í símanum	6,3%	9,0%	7,6%
Í útvarpinu	10,0%	14,6%	12,3%
Í dagblöðum	24,2%	39,3%	31,7%
Annars staðar	5,8%	9,6%	7,7%

Netið

Af þeim sem svöruðu spurningu 38 og gáfu upp kyn sitt voru 2264 sem sögðust nota netið til að leita upplýsinga. Ef kynin eru svo skoðuð nánar þá merktu 83,5 prósent stráka við þennan valmöguleika og 75,5 prósent stelpna. Restin merkti ekki við eða svaraði þessari spurningu ekki. Ef hver árgangur eða bekkur er skoðaður sést að 62,2 prósent 5.bekkinga merkti við þennan svarmöguleika, 57,5 prósent 6.bekkinga, 76,7 prósent 7.bekkinga, 83,9 prósent 8.bekkinga, 89,4 prósent 9.bekkinga og 91,4 prósent 10.bekkinga. Þetta fer því stighækkandi með aldrinum. Þessar háu tölur fyrir internetið eru kannski merki um það hvað þessi miðill spilar stórt hlutverk í fjölmiðlanotkun barna og unglunga. Stór hluti ungmennanna merkti við netið í þessari spurningu og eru strákarnir hærri en stelpurnar.

Sjónvarpið

Af þeim sem svöruðu spurningu 38 og gáfu upp kyn sitt voru 1427 sem sögðust nota sjónvarpið til að finna upplýsingar. Ef kynin eru greind nánar þá voru það 45,9

prósent strákanna og 54,6 prósent stelpnanna sem merktu við að þau myndu leita upplýsinganna í sjónvarpinu. Ef hver árgangur eða bekkur er skoðaður sést að 15,6 prósent 5.bekkinga merkti við þennan svarmöguleika, 15,2 prósent 6.bekkinga, 17,1 prósent 7.bekkinga, 18,5 prósent 8.bekkinga, 17 prósent 9.bekkinga og 16,6 prósent 10.bekkinga. Þessar tölur sýna að sjónvarpið hefur ennþá ákveðið upplýsingamiðlunarhlutverk fyrir ungmennin. Þrátt fyrir að þetta séu lægri tölur en fyrir internetið þá eru þetta bæði rúmlega helmingur. Netinu er auðveldara að stjórna og hægt er að leita betur þar en í sjónvarpinu.

Síminn

Af þeim sem svöruðu spurningu 38 og gáfu upp kyn sitt voru 217 einstaklingar sem sögðust leita upplýsinganna í símanum sínum. Ef við skoðum kynin þá merktu 6,3 prósent stráka við þennan svarmöguleika en 9 prósent stelpna. Ef bekkirnir eru skoðaðir þá sést að 13,8 prósent 5.bekkinga merkti við þennan svarmöguleika, 14,7 prósent 6.bekkinga, 12,8 prósent 7.bekkinga, 15,6 prósent 8.bekkinga, 20,2 prósent 9.bekkinga og 22,9 prósent 10.bekkinga. Þetta eru ekki háar tölur en samt sést þarna greinilegur munur á kynjunum.

Útvarpið

Af þeim sem svöruðu spurningu 38 og gáfu upp kyn sitt voru 349 sem sögðust leita upplýsinganna í útvarpinu. Ef kynin eru skoðuð þá merktu 10 prósent stráka við þennan svarmöguleika en 14,6 prósent stúlkna. Ef við skoðaður er hver árgangur fyrir sig þá merktu 21,8 prósent 5.bekkinga við þennan svarmöguleika, 16,6 prósent 6.bekkinga, 18,6 prósent 7.bekkinga, 14,6 prósent 8.bekkinga, 13,2 prósent 9.bekkinga og 15,2 prósent 10.bekkinga. Stúlkurnar eru hærri þarna en þetta er samt enn meiri staðfesting á því hversu lítið börn og ungmenni hlusta á útvarp nú á dögum.

Dagblöðin

Af þeim sem svöruðu spurningu 38 og gáfu upp kyn sitt voru 900 sem sögðust leita upplýsinganna í dagblöðum. Ef kynin eru skoðuð þá merktu 24,2 prósent stráka við þennan svarmöguleika en 39,3 prósent stelpna. Ef hver árgangur er skoðaður sér þá merktu 18,5 prósent 5.bekkinga merktu við þennan svarmöguleika, 14,3 prósent 6.bekkinga, 16 prósent 7.bekkinga, 18,1 prósent 8.bekkinga, 16,1 prósent

9.bekkinga og 17,1 prósent 10.bekkinga. Stúlkurnar eru þarna mun hærrí en piltarnir og virðast þær mun meira leita upplýsinga í dagblöðum. Dagblöðin voru þar þriðja vinsælust á eftir internetinu og sjónvarpinu. Einnig skal benda á að dagblöðin eru ekki gefin út oft á dag. Því er ekki endilega hægt að finna allra nýjustu fréttirnar í dagblöðunum ef eitthvað mikilvægt er að gerast í landinu eða heiminum. Því eru þessar tölur fyrir dagblöðin mjög góðar.

Annað

Við spurninguna um það hvar nemendur leituðu upplýsinga ef eitthvað væri að gerast var einnig hægt að merkja við svarmöguleikann *Annað*. Gerðu 218 nemendur það sem eru 7,7 prósent. Ef kynin eru skoðuð sést að 5,8 prósent stráka og 9,6 prósent stelpna merkti við þennan valmöguleika. Stúlkurnar voru því mun duglegri við að merkja við þann möguleika. Ef litið er á hvern árgang eru tölurnar þannig að 7 prósent 5.bekkinga merkti við annað, 7,3 prósent 6.bekkinga og 4,9 prósent 7.bekkinga en það er lægsta talan. Svo voru heil 9,6 prósent 8.bekkinga, 7,9 prósent 9.bekkinga og 8,6 prósent 10.bekkinga sem merktu við valmöguleikann annars staðar. Fyrir aftan valmöguleikann var auð lína og máttu nemendur skrifa þar nákvæmara svar ef þau það vildu. Það voru svo 10,1 prósent traka og 16,2 prósent svarendanna sem gerðu slíkt. Algeng svör voru að spyrja einhvern heima og leita svara hjá foreldrum, systkynum, vinum eða öðrum kunningjum eða fjölskyldumeðlimum. Sá valmöguleiki mætti því vera til staðar í næsta spurningalista. Önnur svör voru til dæmis það að fara á staðinn einnig það að spyrja lögregluna.

Fréttir

Í spurningu 77 voru nemendur spurðir að því hversu oft þau fylgdust með fréttum. Var spurningin í fimm liðum eftir tegundum miðla og við hvern lið áttu nemendur að meta hversu of þau fylgdust með fréttum í viðkomandi miðli. Hér á eftir verða greindar niðurstöður úr tíðnitöflum reiknuðum í SPSS og miðlarnir skoðaðir hver fyrir sig.

Sjónvarp

Af 2876 nemendum þá svöruðu 2791 hversu oft þeir fylgdust með fréttum með því að horfa á þær í sjónvarpi. Af 2976 þátttakendum svöruðu 18,5 prósent að þau

horfðu *aldrei eða nær aldrei* á fréttir í sjónvarpi. 20,5 prósent sögðust gera það *sjaldnar en einu sinni í viku*. Það voru samt 37 prósent sem sögðust horfa á sjónvarpsfréttir nokkrum sinum í viku. 17,7 prósent horfa einu sinni á dag en aðeins 3 prósent horfa oftár en einu sinni á dag á fréttir í sjónvarpi. 4,1 prósent svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir sem ekki svöruðu eru teknir frá og aðeins skoðaðir þeir sem svöruðu þá er skiptingin svona. 19,1 prósent horfa *aldrei eða nær aldrei* á sjónvarpsfréttir og 21,2 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 38,2 prósent horfa *nokkrum sinnum í viku*. 18,5 prósent horfa *einu sinni á dag* 3,1 prósent *oftar en einu sinni á dag*. Kynin voru einnig skoðuð sér. Af strákunum svöruðu 18,2 prósent *aldrei eða nær aldrei* og 16,5 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 38,2 prósent sögðust gera það nokkrum sinnum á dag. Svo voru 21,9 prósent sem lásu einu sinni á dag og 5,2 prósent oftár en einu sinni á dag. Af stelpunum svöruðu 20 prósent *aldrei eða nær aldrei* og 26,1 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 38,3 prósent sögðust gera það nokkrum sinnum á dag. Svo voru 14,7 prósent sem lásu einu sinni á dag og 0,9 prósent oftár en einu sinni á dag.

Útvarp

Af 2876 nemendum svöruðu 2757 um það hversu oft þau fylgdust með fréttum með því að hlusta á þær í útvarpi. Af 2876 þátttakendum sögðu heil 45,8 prósent að þau hlustuðu *aldrei eða nær aldrei* á fréttir í útvarpi. 26 prósent hlusta *sjaldnar en einu sinni í viku* og 16,8 prósent hlusta nokkrum sinnum í viku. 5,6 prósent sagðist hlusta á útvarpsfréttir *einu sinni á dag* en aðeins 1,6 prósent sagðist hlusta *oftar en einu sinni á dag*. 4,1 prósent svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir sem ekki svöruðu eru teknir frá og aðeins skoðaðir þeir sem svöruðu þá er skiptingin svona. 47,7 prósent hlusta *aldrei eða nær aldrei* á útvarpsfréttir og 27,2 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 16,8 prósent hlusta *nokkrum sinnum í viku*. 5,6 prósent hlusta *einu sinni á dag* og 1,6 prósent *oftar en einu sinni á dag*. Kynin voru einnig skoðuð sér. Af strákunum svöruðu 48,4 prósent *aldrei eða nær aldrei* og 24,7 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 17,9 prósent sögðust gera það nokkrum sinnum á dag. Svo voru 6,4 prósent sem lásu einu sinni á dag og 2,6 prósent oftár en einu sinni á dag. Af stelpunum svöruðu 46,8 prósent *aldrei eða nær aldrei* og 30 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 17,3 prósent sögðust gera það nokkrum sinnum í viku. Svo voru 5,1 prósent sem hlustuðu einu sinni á dag og 0,9 prósent oftár en einu sinni á dag.

Dagblöð

Af 2876 nemendum svöruðu 2749 spurningunni um það hversu oft þau fylgdust með fréttum með því að lesa þær í dagblöðum. Af 2876 þátttakendum sögðust 25,8 prósent *aldrei eða nær aldrei* lesa fréttir í dagblöðum. 24,3 prósent sögðust gera það *sjaldnar en einu sinni í viku*. 26,7 prósent sögðust lesa fréttir í dagblöðum *nokkrum sinnum í viku* og 15,4 prósent sögðust gera það *einu sinni á dag*. 3,4 prósent sögðust lesa *oftar en einu sinni á dag*. 4,5 prósent svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir sem ekki svöruðu eru teknir frá og aðeins skoðaðir þeir sem svöruðu þá er skiptingin svona. 27 prósent lesa *aldrei eða nær aldrei* dagblaðfréttir og 25,4 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 27,9 prósent lesa *nokkrum sinnum í viku*. 16,1 prósent lesa fréttir í dagblöðum *einu sinni á dag* og 3,5 prósent *oftar en einu sinni á dag*. Kynin voru einnig skoðuð sér. Af strákunum svöruðu 27,9 prósent *aldrei eða nær aldrei* og 22,2 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 27,9 prósent sögðust gera það *nokkrum sinnum á dag*. Svo voru 17,2 prósent sem lásu *einu sinni á dag* og 4,8 prósent *oftar en einu sinni á dag*. Af stelpunum svöruðu 26,1 prósent *aldrei eða nær aldrei* og 28,9 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 28 prósent sögðust gera það *nokkrum sinnum í viku*. Svo voru 14,8 prósent sem lásu einu sinni á dag og 2,3 prósent *oftar en einu sinni á dag*.

Netið

Af 2876 nemendum svöruðu 2749 spurningunni um það hversu oft þau fylgdust með fréttum með því að nálgast þær á netinu. Af 2876 þátttakendum sögðust 39,4 prósent *aldrei eða nær aldrei* nálgast fréttir á netinu. 23,9 prósent sögðust gera það *sjaldnar en einu sinni í viku*. 19,1 prósent sögðust nálgast fréttir á netinu *nokkrum sinnum í viku* og 9,6 prósent sögðust gera það *einu sinni á dag*. 3,7 prósent sögðust nálgast fréttir á netinu *oftar en einu sinni á dag*. 4,4 prósent svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir sem ekki svöruðu eru teknir frá og aðeins skoðaðir þeir sem svöruðu þá er skiptingin svona. 41,2 prósent nálgast fréttir *aldrei eða nær aldrei* á netinu og 25,0 prósent gerir það *sjaldnar en einu sinni í viku*. 19,9 prósent gera það *nokkrum sinnum í viku*. 10 prósent nálgast netfréttir *einu sinni á dag* og 3,5 prósent *oftar en einu sinni á dag*. Kynin voru einnig skoðuð sér. Af strákunum svöruðu 36,1 prósent *aldrei eða nær aldrei* og 23,2 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 22,3 prósent sögðust gera það *nokkrum sinnum á dag*. Svo voru 12,4 prósent sem lásu einu sinni á dag og 6 prósent *oftar en einu sinni á dag*. Af stelpunum svöruðu 46,3 prósent

aldrei eða nær aldrei og 26,9 prósent sjaldnar en einu sinni í viku. 17,2 prósent sögðust gera það nokkrum sinnum í viku. Svo voru 7,8 prósent sem lásu einu sinni á dag og 1,8 prósent oftár en einu sinni á dag.

Veðrið

Af 2876 nemendum svöruðu 2746 spurningunni um það hversu oft þau fylgdust með veðurfréttum. Af 2876 þáttakendum sögðust 33,9 prósent *aldrei eða nær aldrei fylgjast með* veðurfréttum. 26,6 prósent sögðust gera það *sjaldnar en einnu sinni í viku*. 22 prósent sögðust fylgjast með veðurfréttum *nokkrum sinnum í viku* og 310 eða 10,8 prósent *einu sinni á dag*. 2,2 prósent sögðust fylgjast með veðurfréttum *oftar en einu sinni á dag*. 4,5 prósent svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir sem ekki svöruðu eru teknir frá og aðeins skoðaðir þeir sem svöruðu þá er skiptingin svona. 35,5 prósent fylgdist *aldrei eða nær aldrei* með veðurfréttum og 27,8 prósent *sjaldnar en einu sinni í viku*. 23 prósent gerir það *nokkrum sinnum í viku*. 11,3 prósent fylgdist með veðurfréttum *einu sinni á dag* og 2,3 prósent *oftar en einu sinni á dag*. Kynin voru einnig skoðuð sér. Af strákonum svöruðu 35,4 prósent aldrei eða nær aldrei og 25,6 prósent sjaldnar en einu sinni í viku. 22,6 prósent sögðust gera það nokkrum sinnum í viku. Svo voru 12,9 prósent sem lásu einu sinni á dag og 3,4 prósent oftár en einu sinni á dag. Af stelpunum svöruðu 35,6 prósent aldrei eða nær aldrei og 30,2 prósent sjaldnar en einu sinni í viku. 23,5 prósent sögðust gera það nokkrum sinnum í viku. Svo voru 9,7 prósent sem lásu einu sinni á dag og 1,1 prósent oftár en einu sinni á dag.

Þeir sem fylgjast ekki með neinum fréttum

Gerð var ný breyta til að sjá hversu margir nemendur fylgdust ekki með neinum fréttum. Var notuð spurningin *hversu oft fylgdist þú með fréttum*. Sú spurning var í nokkrum liðum og var spurt um sjónvarp, útvarp, dagblö, netið og veðurfréttir. Reiknað var saman þá sem merktu í öllum liðum við *aldrei eða nær aldrei*. Af 2876 nemendum voru 272 sem merktu við valmöguleika eitt í öllum liðum. Það þýðir að 9,5 prósent nemenda fylgdist aldrei eða nær aldrei með neinum fréttum. Þegar litið er á bæjarfélögin kemur í ljós að 11,84 prósent nemendanna á Akureyri fylgdist ekki með neinum fréttum, 8,63 prósent nemendanna í Reykjavík og 8,55 prósent nemendanna í Vestmannaeyjum. Af þeim 272 var vitað um kynið á 269 og skiptust þau þannig að 139 voru strákar og 130 stelpur. Það þýðir að 9,63 prósent stráka og

9,27 prósent Aldursskiptingin var þannig að 17,08 prósent 8.bekkinga fylgdist ekki með neinum fréttum. Sama má segja um 9,54 prósent 6.bekkinga og 10,68 prósent 7.bekkinga. 6,91 prósent 8.bekkinga fylgdist ekki með, 8,04 prósent 9.bekkinga og 5,86 prósent 10.bekkinga. Þetta eru ekki stíglækkandi tölur en samt sem áður er yngsti árgangurinn stærsti hópurinn sem fylgdist ekki með neinum fréttum og elsti árgangurinn sá minnsti.

Þessar niðurstöður voru bornar saman við niðurstöður spurningarinnar um það ef eitthvað væri að gerast einhvers staðar, hvar viðkomandi myndi leita upplýsinga. 8,61 prósent þeirra sem merktu við internetið, fylgjast ekki með fréttum samkvæmt þessu. Sama má segja um 8,41 prósent þeirra sem merktu við sjónvarpið, 13,36 prósent þeirra sem merktu við símann og 11,65 prósent þeirra sem merktu við útvarpið. Dagblöðin höfðu lægstu töluna en 6,11 prósent þeirra sem sögðust nota dagblöð til að leita upplýsinga, fylgjast ekki með fréttum. 10,09 prósent þeirra sem merktu við annað fylgjast ekki með fréttum.

Lestur tímarita

Þessari spurningu svaraði 2821 þátttakandi. Af 2876 nemendum var skiptingin þannig að 1463 eða 50,9 prósent sögðust ekki lesa tímarit og 1357 eða 47,2 sögðust lesa tímarit. Það voru svo 56 eða 1,9 prósent sem svöruðu spurningunni ekki. Ef þeir eru ekki teknir með þá skiptist tímaritalesturinn þannig að 51,9 prósent svarenda sögðu *nei* og 48,1 prósent sögðu *já*.

Ef skoðaður er lestur tímarita eftir kyni þá kemur í ljós að af þeim 2821 sem svöruðu spurningunni um lestur tímarita var vitað um kynið á 2791 af þeim. Ef svör eru greind eftir kyni kemur í ljós að 60,2 prósent stelpna sögðust lesa tímarit en aðeins 36,3 prósent stráka. Af þeim vitað var um aldurinn á sögðust 51,9 prósent ekki lesa tímarit en 48,1 prósent sögðust lesa þau. Ef skoðað er tímaritalestur eftir hverjum árgangi kemur í ljós að 36,8 prósent 5.bekkinga, 46,3 prósent 6.bekkinga og 48,6 prósent 7.bekkinga lesa tímarit. 52,6 prósent 8.bekkinga, 48,6 prósent 9.bekkinga og 53,9 prósent 10.bekkinga svöruðu spurningunni einnig játandi.

Tafla 5.1 Lestur tímarita, eftir kyni

	Stelpur	Strákar	Samtals
Já	60,2%	36,3%	48,1%
Nei	39,8%	63,7%	51,9%
Samtals	100%	100%	100%

Samanburður milli ára 1997, 2003 og 2009

Nokkur atriði hafa verið með svipuðum hætti í spurningalistanum *Börn og sjónvarp á Íslandi*. Spurningin um dagblaðalestur hefur alltaf verið með. Hér verður því gerður samanburður með blöðin úr rannsókninni 2009 við 1997 og 2003. Taka skal fram að *Fréttablaðið* var ekki komið til sögunnar árið 1997. Einnig var hægt að gera samanburð milli þessa þriggja könnunarára varðandi daglegan dagblaðalestur barna og ungmenna á Íslandi. Svo var hægt að bera saman niðurstöður varðandi þann fjölda sem sagðist nota dagblöðin til að leita upplýsinga ef eitthvað væri að gerast einhversstaðar. Einnig varðandi þá sem sögðust hafa séð draumastarfið sitt eða sitt líklegasta framtíðarstarf í dagblöðum. Þar var gerður samanburður milli 2003 og 2009. Sama má segja um lestur tímarita.

Árið 1997 var heildarsvarendahópurinn 857 og árið 2003 voru þeir 786. Kynjaskiptingin var 51,2 prósent strákar Af þessum 857 krökkum voru 488 búsett í Reykjavík, 228 á Akureyri og 141 í Vestmannaeyjum. Árið 2003 voru stúlkur 410 eða 52,2 prósent og strákar 376 eða 47,8 prósent og í heildina voru þau 786. Aldursskiptingin var þannig að 16 prósent voru í 5.bekk, 14,4 prósent voru í 6.bekk og 17,4 í 7.bekk. Svo voru 17,2 prósent í 8.bekk, 17,7 prósent í 9.bekk og 17,3 prósent í 10.bekk.

Árið 1997 voru fjögur dagblöð í útgáfu á Íslandi og var spurt um þau í spurningalistanum. Þessi blöð eru *DV*, *Alþýðublaðið*, *Dagur-Tíminn* og *Morgunblaðið*. Hér verður mest áhersla lögð á *DV* og *Morgunblaðið* þar sem þau var einnig spurt um í spurningalistunum 2003 og 2009. Af 857 nemendum þá voru 95,3 prósent sem lásu *Alþýðublaðið aldrei* og 3,2 prósent lásu það *sjaldnar en einu sinni í viku*. Svo voru 0,7 prósent sem lásu það *um það bil einu sinni í viku*, 0,5 prósent gerðu það *nokkrum sinnum í viku* og 0,4 prósent sem svöruðu *flesta eða alla daga*. Af 857 nemendum þá voru 69,3 prósent sem lásu *Dag-Tímann aldrei*. 9,1 prósent lásu blaðið *sjaldnar en einu sinni í viku*. 6,1 prósent lásu það *um það bil einu sinni í viku* og 6,8 prósent nokkrum sinnum í viku. Svo voru 8,8 prósent sem lásu það *flesta eða alla daga*. Af 857 nemendum þá voru 18,6 prósent nemendur sem lásu *DV aldrei*. 18,8 prósent gerðu það *sjaldnar en einu sinni í viku*. 15,6 prósent lásu það *Um það bil einu sinni í viku* og 21,2 prósent lásu það *nokkrum sinnum í viku*. Svo voru 25,8 prósent sem lásu blaðið *flesta eða alla daga*. Af 857

nemendum voru 13,5 prósent sem las *Morgunblaðið aldrei*. Svo voru 10,5 prósent sem las það *sjaldnar en einu sinni í viku* 7,7 prósent sem gerðu það *um það bil einu sinni í viku*. Það voru alveg 22,3 prósent sem lásu *Morgunblaðið nokkrum sinnum í viku*. 46 prósent lásu blaðið *flesta eða alla daga*.

Ef skoðað er lestur á *DV* árið 2003 þá var skiptingin þannig að af 786 þá lásu 53,9 prósent blaðið *mjög sjaldan eða aldrei* (inn í það eru líka teknir þeir sem svöruðu spurningunni ekki). 12,2 prósent sögðust lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 12,1 prósent sögðust gera það *um það bil einu sinni í viku*. 12,1 prósent lásu blaðið *nokkrum sinnum í viku* og 9,7 prósent lásu það flesta eða alla daga. Ef kynin eru skoðuð sér þá lásu 12,2 prósent stráka og 6,9 prósent stelpna *DV* flesta eða alla daga. Ef skoðað er lestur á *Fréttablaðinu* árið 2003 þá var skiptingin þannig að 26,7 prósent lásu blaðið *mjög sjaldan eða aldrei* (inn í það eru líka teknir þeir sem svöruðu spurningunni ekki). 11,3 prósent sögðust lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 13,7 prósent sögðust gera það *um það bil einu sinni í viku*. 22,1 prósent lásu blaðið *nokkrum sinnum í viku* og 26,1 prósent lásu það flesta eða alla daga. Ef kynin eru greind þá lásu 24,9 prósent stráka og 27,4 stelpna *Fréttablaðið* flesta eða alla daga. Ef lestur á *Morgunblaðinu* árið 2003 er skoðað þá var skiptingin þannig að 28,1 prósent lásu blaðið *mjög sjaldan eða aldrei* (inn í það eru líka teknir þeir sem svöruðu spurningunni ekki). 10,9 prósent sögðust lesa það *sjaldnar en einu sinni í viku* og 13,7 prósent sögðust gera það *um það bil einu sinni í viku*. 22,7 prósent lásu blaðið *nokkrum sinnum í viku* og 24,7 prósent lásu það flesta eða alla daga. Ef kynin eru greind þá lásu 24,6 prósent stráka og 24,7 prósent stelpna *Morgunblaðið* flesta eða alla daga.

Tafla 6.1 Samanburður á lestri dagblaða

	1997			2003			2009		
	Strákur	Stelpa	Alls	Strákur	Stelpa	Alls	Strákur	Stelpa	Alls
DV	28,9%	22,5%	25,8%	12,2%	6,9%	9,7%	2,1%	1,6%	1,9%
Morgunblaðið	47,2%	44,7%	46,0%	24,6%	24,7%	24,7%	19,5%	15,1%	17,4%
Fréttablaðið	-	-	-	24,9%	27,4%	26,1%	27,2%	24,7%	25,7%

Þessar tölur sýna að lestur *DV* hefur hrunið síðan 1997. Lestur á *Morgunblaðinu* skrapp mjög saman milli 1997 og 2003 og hafði minnkað enn árið 2009. *Fréttablaðið*, sem hóf útkomu 2001 og stóð jafnfætis *Morgunblaðinu* 2003, hélt sem næst óbreyttri stöðu 2009.

Fyrir árið 1997 var búin var til breyta yfir þá sem lásu eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga. Kom þá í ljós að af 857 nemendum voru 526 sem pössuðu í þá skilgreiningu. Það þýðir að 61,4 prósent lásu eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga. Ef kynin eru skoðuð sér þá voru 63,5 prósent pilta og 59 prósent stúlkna sem lesa eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga. Fyrir árið 2003 var búin var til breyta til að reikna hversu margir læsu eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga. Skoðaðir voru þeir sem merktu við að þeir læsu blað flesta eða alla daga. Ef reiknað var hversu margir læsu dagblöð árið 2003 voru það 314 af 786 einstaklingum sem gera 39,9 prósent. Ef kynin eru skoðuð sér þá les 39,8 prósent stráka dagblöð og 40,2 prósent stelpna. Árið 2003 eru þeir sem lesa eitt eða fleiri dagblöð flesta eða alla daga 40 prósent. Þau skiptast þannig að 23,2 prósent lesa eitt blað flesta eða alla daga, 13,1 prósent lesa tvö blöð flesta eða alla daga. Svo 3,7 prósent lesa öll þrjú dagblöðin flesta eða alla daga.

Tafla 6.2 Samanburður á daglegum dagblaðalestri

Unnið út frá breytunni Les eitt eða fleiri dagblöð flest eða alla daga

	1997			2003			2009		
	Strákur	Stelpa	Alls	Strákur	Stelpa	Alls	Strákur	Stelpa	Alls
Já	63,5%	59,0%	61,4%	39,8%	40,2%	39,9%	32,9%	27,3%	30,2%
Nei	36,5%	41,0%	38,6%	60,2%	59,8%	60,1%	67,1%	72,7%	69,8%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Þessar tölur sýna að mikið hefur dregið úr dagblaðalestri barna og ungmenna á Íslandi síðustu ár. Frá rúmum 60 prósentum árið 1997 niður í 40 prósent 2003. Svo er daglegur lestur kominn niður í 30 prósent nú árið 2009. Þessar tölur eru mjög skírar og sést vel hvað dagblaðalesturinn hefur breyst. Árið 1997 voru strákar hærri í dagblaðalestri en í næstu könnun á eftir voru stelpur orðnar hærri. Hefur þetta svo aftur snúist við og eru strákarnir aftur farnir að lesa meira dagblöðin heldur en stelpurnar. Dagblaðalestur ungmenna á Íslandi hefur minnkað

um helming frá því 1997. Spurning er hvort að dagblaðalesturinn verði búinn að minnka enn meira þegar næsta könnun verður lögð fyrir.

Árið 1997 voru 568 af 857 nemendum sem sögðust nota dagblöðin ef þeim vantaði að leita upplýsinga, það eru 66,3 prósent. Í spurningunni varðandi hvar þau leituðu upplýsinga ef eitthvað væri að gerast, voru 315 af 786 sem sögðust leita í dagblöðunum. Hægt var að merkja við fleiri en einn valmöguleika en 40,1 prósent merkti við dagblöðin. Ef kynin eru skoðuð sér þá sagðist 32 prósent drengja og 48,9 prósent stúlkna leita upplýsinganna í dagblöðum.

Tafla 6.3 Samanburður á því að nota dagblöðin til að finna upplýsingar

	1997			2003			2009		
	Strákur	Stelpa	Alls	Strákur	Stelpa	Alls	Strákur	Stelpa	Alls
Já	63,1%	69,6%	66,3%	30,7%	48,9%	40,1%	24,9%	39,3%	31,7%
Nei	36,9%	30,4%	33,7%	69,3%	51,1%	59,9%	75,1%	60,7%	68,3%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Þessar tölur eru í samræmi við lestur dagblaðanna. Eru svipaðar tölur um þá sem lesa dagblöð og þá sem nota dagblöðin til að finna upplýsingar ef eitthvað væri að gerast. Áberandi þarna er að stelpurnar virðast alltaf nota dagblöðin meira en drengirnir til að finna upplýsingar. Ástæðan gæti verið sú að stúlkur séu almennt duglegri við að leita sér upplýsinga og myndi það þá skýra þennan kynjamun að einhverju leiti.

Þau sem merktu við að hafa lesið um líklega starfið sitt í blöðunum árið 2003 voru 162 af 786 eða 20,6 prósent. Ef kynin eru skoðuð sést að 20,5 prósent stráka og 20,7 prósent stelpna merktu við svarmöguleikann dagblöð. Þau sem merktu við að hafa lesið um draumastarfið í blöðum voru 235 eða 29,9 prósent.. Ef kynin eru greind þá sést að 29 prósent stráka og 30,9 prósent stelpna merktu við svarmöguleikann dagblöð.

Tafla 6.4 Samanburður á upplýsingum um störf úr dagblöðum

	2003		2009	
	Framtíðarstarf	Draumastarf	Framtíðarstarf	Draumastarf
Já	20,6%	29,9%	21,6%	26,7%
Nei	79,4%	70,1%	78,4%	73,3%
Samtals	100%	100%	100%	100%

Þau sem svöruðu að þau læsu tímarit árið 2003 eru 477. Samsagt 477 af 786 svöruðu að þau læsu tímarit, það eru 60,7 prósent. Restin sagðist ekki lesa tímarit eða svaraði spurningunni ekki. Það var þannig að 50 prósent stráka sagðist lesa tímarit og 72,3 prósent stelpna.

Tafla 6.5 Samanburður á lestri tímarita

	2003			2009		
	Stelpur	Strákar	<i>Alls</i>	Stelpur	Strákar	<i>Alls</i>
Já	72,3%	50,0%	<i>60,7%</i>	60,2%	36,3%	<i>48,1%</i>
Nei	27,7%	50,0%	<i>39,3%</i>	39,8%	63,7%	<i>51,9%</i>
Alls	100%	100%	<i>100%</i>	100%	100%	<i>100%</i>

Þrátt fyrir að tímaritalestur hafi minnkað þá er það ekki alveg eins mikið og dagblaðalesturinn. Sést að stúlkur lesa mun meira af tímaritum en strákar. Tímaritin eru að fá næstum því fimmtungi meiri lestur en dagblöðin.

Samantekt og umræða

Hér á undan hefur verið fjallað um dagblaðalestur íslenskra ungmenna á aldrinum 10 til 15 ára. Helstu niðurstöður frá árinu 2009 benda til þess að enn dregur úr dagblaðalestri þeirra. Munurinn á strákum og stelpum er ekki mikill en þó eru strákarnir með aðeins hærri tölur. Það er öfugt við síðasta könnunarár því árið 2003 voru stelpurnar hærri. Dagblaðalestur ungmennana virðist aukast með aldrinum og er það eðlileg þróun tengd aukinni lestrargetu. Lesturinn var mestur í Reykjavík.

Fréttablaðið er áberandi vinsælast í lestri meðal íslenskra barna og unglinga. Spurning er þó hvort þær niðurstöður fengjust væri *Fréttablaðið* áskriftarblað en ekki fríblað. Hugsanlega er *Fréttablaðið* að höfða mest til ungmennana en ég tel að það hjálpi mikið til að blaðinu sé dreyft frítt inn á heimili fólks. Lestur blaðsins hélt sér líka vel milli áranna 2003 og 2009. Lestur *Morgunblaðsins* hefur aftur á móti minnkað meira síðan 2003 og enn meira frá 1997. Lestur á *DV* hefur hrunið og var undir tveimur prósentum árið 2009.

Það er augljóst að dagblöðin eiga í harðri samkeppni við aðra miðla þegar kemur að ungmennum. Þau virðast vera dugleg að kynna sér nýja tækni og breytta miðla og því gerir það dagblöðunum erfiðara fyrir. Í kjölfar tækniframfara hafa möguleikar í fjölmiðlanotkun aukist. Veraldarvefurinn er vinnsæll kostur hjá ungmennum þegar leita á upplýsinga eða fylgjast með fréttum. En eins og fram kom þá felst þónokkur lestur í veraldarvefnum og auk þess eru netmiðlar og netútgáfur dagblaða vinsælar. Börn og unglingar lesa því nokkuð mikið og verða vör við fréttir þrátt fyrir að það sé ekki endilega í dagblöðunum.

Kom í ljós að tæplega tíundi hver nemandi sagðist ekki fylgjast með neinum fréttum. Ungmennin virðast samt treysta dagblöðunum þegar leita skal upplýsinga. Þriðjungur sagðist leita í dagblöðunum en netið og sjónvarpið var samt vinsælli svarmöguleiki. Sorglegt var að sjá hversu fá ungmenni virðast hlusta á útvarp árið 2009. Tímaritalestur hefur minnkað en samt sem áður ekki eins mikið og dagblaðalesturinn. Áberandi var hversu miklu meira stelpur lesa tímarit en strákar og á það við bæði 2003 og 2009. Tæpur þriðjungur nemenda hafði fengið upplýsingar um störf í dagblöðunum.

Þannig að þrátt fyrir að dregið hafi úr daglegum lestri dagblaða þá nota ungmennin dagblöðin þónokkuð fyrir upplýsingar og fréttir. Það breytir samt ekki þeirri staðreynd að daglegur dagblaðalestur íslenskra ungmenna hefur minnkað um helming frá því árið 1997. Nú er *DV* ekki lengur dagblað og spurning er hver þróunin verður á íslenskum dagblaðamarkaði á næstu árum. Spennandi verður að sjá hvernig dagblaðalestur ungmennana mun breytast. Hvort það haldi áfram að draga úr dagblaðalestri íslenskra ungmenna eða hvort lestur dagblaða fari aftur að aukast.

Heimildaskrá

- Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson. (1990). *Áttavittinn: Kennslubók um fjölmiðla*. Reykjavík: Mál og menning.
- Birgir Guðmundsson. (2007). Tilkoma ókeypiss dagblaðs – breyttur veruleiki? Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII: Félagsvísindadeild*, bls. 275-286. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Curran, J. (1998). Newspapers and the press: newspapers beyond political economy. Í Briggs, A. og Cobley, P. (ritstjórar), *The media: an introduction*. New York: Longman.
- Desmond, R. (2001). Free reading – Implications for child development. Í Singer, D.G. and Singer J.L. (ritstjórar), *Handbook of children and the media*. California: Sage publications.
- Devereux, E. (2007). *Understanding the media* (2.útgáfa). London: Sage Publications Inc.
- Drotner, K og Livingstone, S. (ritstjórar). (2008). *The international handbook of children, media and culture*. London: Sage Publications Ltd.
- Elfa Ýr Gylfadóttir. (2005). 2 Um fjölmiðla. Í *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Reykjavík: Karl Axelsson og nefnd.
- Eyþór Ívar Jónson. (2006). Fríblaðabyltingin. Í *Vísbinding*, 24 (31), bls. 1,4.
- Frjáls Verslun. (2004). Dagblöð og ljósvakamiðlar: Fjölmiðlasagan frá árinu 1980. Í *Frjáls verslun*, 66 (4) bls. 22-23.
- Guðjón Friðriksson. (2000). *Nýjustu fréttir: saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík: Iðunn.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2000). Hvernig skilar menningararfurinn sér til ungs fólks? Í Friðrik H. Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum III: Félagsvísindadeild*, bls. 251-268. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2006). Er menningarlæsi ungs fólks að breytast? Athugun á lestri og tómsundavenjum nemenda í 10.bekk. Í *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, bls. 60-81.
- Hilmar Thor Bjarnason og Þorbjörn Broddason. (1997). Mass Media in Iceland. Í Carlsson, U. & Harrie, E. (ritstjórar), *Media trends 1997 in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden: Descriptive analyses and statistics*. Gautaborg: Nordicom & Göteborg University.

- Íslensk Orðabók. (2002). Reykjavík: Mál og Menning.
- Kjartan Ólafson. (2000). *Tómstundastörf og fjölmiðlanotkun íslenskra ungmenna frá 1968-1997*. Óbirt Ma-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Livingstone, S. (2002). *Young people and new media*. London: Sage Publications.
- Martin Mainwright. (1999). Newspaper will prevail! Í Brown, J.L. & Lees, T. & Ralph, S. (ritstjórar), *Youth and the global media*. Bedfordshire: University of Luton press.
- McQuail, D. (2005). *McQuail's mass communication theory* (5.útgáfa). London: Sage publications.
- Menntamálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Reykjavík: Karl Axelsson og nefnd.
- Páll Ásgeir Ásgeirsson. (2004). Daginn sem skipið sökk – persónuleg lýsing á síðustu misserum DV sáluga. Í *Tímarit máls og menningar*, 65(4) Bls. 34-47.
- Páll Sigurðsson. (1997). *Fjölmiðlaréttur: meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Páll Ólafsson. (1979). Dagblöð í kennslu. Birtist í *Skíma*, 2 (2), bls. 17-18.
- Paul Sanderson. (1999). *Using newspapers in the classroom*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Ragnar Karlsson. (2005). 3 Þróun og staða á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Í *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Reykjavík: Karl Axelsson og nefnd.
- Ragnar Karlsson. (2009). 2 Þróun fjölmiðlamarkaðarins. Í *Frumvarp til laga um fjölmiðla*. Sótt 23.nóvember 2009 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Frumvarp_til_laga_um_fjolmidla_2009.pdf.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1993). *Læsi íslenskra barna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála og Kennaraháskóli Íslands.
- Singer, D.G. & Singer, J.L. (ritstjórar). (2001). *Handbook of children and the media*. California: Sage publications.
- Sparks, C. (2007). *Globalization, development and the mass media*. New Dehli: Sage publications.
- Þorbjörn Broddason. (1974). Uppeldishlutverk fjölmiðla. Í *Foreldrablaðið*. 30(1), Bls. 2-6.

- Þorbjörn Broddason. (2005a). Börn og breyttir miðlar. Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna*. (Erindi flutt á málþingi umboðsmanns barna og háskólarektors 5.nóvember 2004). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorbjörn Broddason. (2005b). *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorbjörn Broddason. (1996). *Television in time: research images and empirical findings*. Lund: Lund university press.
- Þorbjörn Broddason. (1999). A wasted miracle? Literacy and the new media. Í Christensen, C.L. (ritstjóri), *Börn, unge og medier: Nordiske forskningsperspektiver*. Göteborg: NORDICOM.
- Þorbjörn Broddason. (1987). *Um fjölmiðla: Greinasafn*. Reykjavík.

